

Iðjubjálfinn


Fagblað iðjubjálfa



Vandaðir rafknúnir sturtustólar frá HMN

HMN Multi-tip eru þægilegir og stöðugir rafknúnir sturtustólar. Hafa fram- bakhalla ásamt hækkun upp í 95 cm vinnuhæð. Bakið er úr neti sem hægt er að aðlaga að notanda og má þrifa við 80°C

Multi- tip Mini og **Multi-Tip big** eru í samningi við Sjúkratryggingar Íslands



- Bremsur og stefnulæsing
- Hægt er að halla fram um 5° og aftur um 30°
- Stillanlegir armar
- Mikið úrval aukahluta

Ritnefndarpistill:

Haust og vetur er í algleymi, örlítið dimmara á kvöldin og tími kominn á nýjan Iðjubjálfa – fagblað okkar allra. Árið hefur verið viðburðaríkt eins og fyrri ár og kennir ýmissa grasa í greinavali þessa tölublaðs. Lesa má um opna leikskólann Memmm, veggspjöld BS verkefna nemenda HA í Iðjubjálfun og viðtal við dr. Björgu Þórðardóttur svo fátt eitt sé nefnt. Blaðið skartar einni ritrýndri grein í ár ásamt grein um nýjan hugbúnað fyrir A-One og hægt að lesa um sögu Hugarafis, sem er 20 ára um þessar mundir.

Ritnefnd Iðjubjálfans óskar Iðjubjálfum notalegra stunda í vetur og hvetur áfram til greinaskrifa um hvaðeina sem Iðjubjálfar eru að fást við. Nefndin býður upp á stuðning og ráðgjöf við skrifin ef óskað er.

Life takes on meaning in the minute-by-minute reality in which we experience ourselves achieving ordinary things

(Lífið fær merkingu í raunveruleika hvers og eins þar sem við upplifum okkur áorka hversdagslegum hlutum)

Gary Kielhofner

Efnisyfirlit

Ritnefndarpistill	3
Pistill formanns	4-5
Ritrýnd fræðigreina: Rannsóknir og birtingar íslenskra Iðjubjálfa frá aldamótum	6-21
Kynning á nýjum hugbúnaði fyrir Iðjubjálfa	22-27
Viðtal: Þorum að spyrja og prófa eitthvað nýtt	28-33
Nýtt á Íslandi: Opinn leikskóli Memmm Play	34-36
Hugarafi: Einstakur árangur	37-46
Starfið mitt: Eva Snæbjarnardóttir	47
Siðaregla 2,3 - Iðjubjálfi eykur þekkingu sína og nýtir sér nýfengna þekkingu jafnóðum í starfi	48
Verkefni nemenda í Iðjubjálfunarfræði	48
Veggspjöld nemenda	49-54

Iðjubjálfinn



Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa til betri vegar. Vitna má í texta blaðsins ef heimildir er getið.

Ritnefnd:

Erna Kristín Sigmundsdóttir, formaður og ritstjóri
Guðrún Friðriksdóttir
Hafðís Bára Óskarsdóttir
Margrét Elva Sigurðardóttir

Fræðileg ritstjórn:

Gunnhildur Jakobsdóttir
Sara Stefánsdóttir
Sigrún Kristín Jónasdóttir

Prófarkarlesari:

Bjarni Björnsson

Stjórn ÍBÍ:

Þóra Leósdóttir, formaður
Erna Sveinbjörnsdóttir, varaformaður
Katrín Ósk Aldan Gunnarsdóttir, gjaldkeri
Harpa Björgvinsdóttir, ritari
Björg Jónína Gunnarsdóttir, meðstjórnandi
Varamenn:
Stefán E. Hafsteinsson
Svava Arnardóttir

Forsiðumynd:

Þóra Leósdóttir

Umbrot:

Sylvía Kristjánsdóttir



Kæru félagar

Veturinn er kominn og síðustu lafin hanga á bláþræði á trjánum. Haustið hefur verið hlaðið verkefnum á vettvangi IPÍ og ekki sér fyrir endann á þeim, þannig á það líka að vera í öflugum félagi. Óhætt er að segja að skemmtilegasta verkefnið þetta haustið hafi verið undirbúningur og þátttaka í kvennaverfallinu 24. október síðastliðinn. Iðjubjálfafélag Íslands var eitt af aðstandendum viðburðarins á vettvangi BHM og erum við ákaflega stolt af því. Stemningin í miðbæ Reykjavíkur var rafmögnuð og tilfinningaþrungin og enn er titringur í lofti. Fyrir ári síðan beindi ég sjónum að Úkraínu og afleiðingum innrásar rússa sem hófst í febrúar 2022. Nú hafa brotist út átök í Palestínu og Ísrael og það setur okkur öll í nýja og flókna stöðu. Það er þyngra en tárur taki að heyra af þeim grimmdarverkum sem framin eru á óbreyttum borgurum á Gaza sem flest eru börn. Heimssamband iðjubjálfa (WFOT) leggur í yfirlýsingum sínum áherslu á „rétt fólks til iðju“ og fordæmir allar aðgerðir og aðstæður sem hindra einstaklinga og samfélög í að stunda þá iðju í hversdeginum sem er nauðsynleg fyrir heilsu og velferð. Það eru mannréttindi að hafa aðgang að iðju og tækifærum til þátttöku. Við hugsum til kollega okkar á stríðshrjáðum svæðum um heim allan.

Kaup og kjör

Það er kjaravetur framundan, svo sem ekkert nýtt í því. Þeir kjarasamningar sem voru undirritaðir síðastliðið vor eru skammtímasamningar til eins árs og eru því lausir vorið 2024. Þessum skammtímasamningum á opinberum vinnumarkaði fylgdi verkáætlun sem unnið er eftir. Þar kveður meðal annars á um eftirfylgni með Betri vinnutíma, endurskoðun á veikindakafla og að rýnt sé í vinnuumhverfi starfsfólks. Samhliða kjarasamningunum var undirritað áfangasamkomulag á vettvangi viðsemjenda og heildarsamtaka þar sem tekin eru skref í átt að leiðréttingu á launum svonefndra kvennastétta. Starfshópur

vinnur að málinu hörðum höndum og von er á niðurstöðu á næstu vikum. Horft er til launasetningar starfanna eins og þau eru flokkuð og metin í stofnanasamningum (ríki) og starfsmati (sveitarfélög). Samninganefnd IPÍ er í startholunum við að undirbúa komandi kjaraviðræður og formaður er í góðu samstarfi við önnur aðildarfélög BHM innan heilbrigðisgreina. Það er skýlaus krafa IPÍ nú sem áður að laun iðjubjálfa á opinberum vinnumarkaði séu í samræmi við menntun, reynslu og ábyrgð. Vanmat á virði starfa háskólamenntaðra kvenna er með öllu óásættanlegt - við nenum þessu ekki lengur.

Alþjóðavettvangur

Norrænn fundur formanna og varaformanna iðjubjálfafélaga var haldinn í Helsinki í lok ágúst. Fyrri daginn hlýddum við meðal annars á fyrirlestur um umbætur og stefnumótun í heilbrigðis- og félagsþjónustu í Finnlandi. Rauði þráðurinn þar er samþætt þjónusta einkum hvað varðar aldraða og börn og ungmenni. Nýtt skipulag byggir á þverfaglegum teymum í nærumhverfi fólks. Þessar áherslur ríma svo sannarlega við farsældarlögin íslensku sem og stefnuna í mállefnum aldraða. Í umræðum kom fram að það er nokkur samhljómur í áherslum allra landanna. Ársfundur SJOT var einnig haldinn þar sem farið var yfir ársskýrslur og reikninga. Björg Þórðardóttir verður áfram okkar fulltrúi í ritstjórn og í ritnefndinni eiga sæti þær Guðrún Árnadóttir og Snæfríður Þóra Egilson. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir þeirra framlag. Næsti norræni fundur verður haldinn að ári hér á Íslandi.

Í október fór fram 11. aðalfundur Iðjubjálfanefndar Evrópuþjóða (COTEC) en hann var haldinn í Ljubljana í Slóveníu. Alls voru mætt til leiks 23 fulltrúar iðjubjálfafélaga í Evrópu. Daginn áður var haldinn vinnufundur þar sem vinnuhópar stjórnar skiluðu af sér skýrslum og þátttakendum var skipt upp í hópa til að ræða stefnu og starfsáætlun COTEC á næsta starfsári.

Greina mátti mikla tilhlökkun í hópnum með að hittast aftur að ári en fundurinn 2024 verður haldinn í tengslum við Evrópu-ráðstefnuna í Kraków 15.-19. október. Ég bendi félagsfólki á að kynna sér starfsemi COTEC á heimasíðunni þeirra.

Samstaða og samfélag

Eins og áður sagði tók ÍPÍ þátt í undirbúningi og framkvæmd kvennaverkfallsins sem eitt af aðildarfélögum BHM. Fjölmennasti og fallegast útifundur sem haldinn hefur verið í sögu þjóðarinnar. Stemningin sem og krafturinn var magnaður, samstaðan áþreifarleg. Nú þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að láta verkin tala og lagfæra kynbundinn launamun og vanmat á virði kvennastarfa! Við sem iðjupjálfar, þar sem 98% félagsfólks eru konur, með fjögurra ára háskólamenntun að baki hið minnsta, samþykkjum ekki lengur að launasetning okkar á opinberum vinnumarkaði sé lægri en hjá karlægum stéttum – að menntun okkar sé minna virði en sambærileg menntun í fjármála- og tæknigeiranum. Við viljum leiðréttingu strax!

Málþing ÍPÍ var haldið á alþjóðlegum degi iðjupjálfunar þann 27. október í samstarfi stjórnar og fræðslunefndar félagsins. Yfirskrift dagsins í ár var „Samstaða og samfélag“ (e. Unity through Community). Málþingið var afar vel sótt bæði á TEAMS og á staðfund. Kynnt voru verkefni og rannsóknir sem rímuðu við yfirskrift dagsins. Helga Sif Pétursdóttir iðjupjálfi og meistaranemi í heilbrigðisvísindum sagði frá fyrstu niðurstöðum rannsóknar sinnar á þýðingu og staðfæringu matslista um kulnun í foreldrahlutverkinu. Carmen Fuch iðjupjálfi kynnti verkefnið „Þroskafjör“ á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Markmið verkefnisins er að gefa börnum flóttafólks kost á að taka þátt í leik og iðu sem eflir þroska, þátttöku í leik og tengslamyndun. Gunnhildur Gísladóttir iðjupjálfi og sérfræðingur í vinnuvernd hélt erindi um starf iðjupjálfa á verkfræðistofu þar sem sjónum er beint að mikilvægi þess að vanda vel til hönnunar og aðbúnaðar til að tryggja sem besta líðan fólks og líkamsbeitingu við störf, þannig að koma megri í veg fyrir stoðkerfisvanda. Fram kom að 60% veikindafjarvista starfsfólks í Evrópu megri rekja til slíks heilsufarsvanda.

Í lok málþingsins var yfirlýsing frá stjórn Iðjupjálfafélags Íslands lesin upp og send á fjölmiðla í kjölfarið. Ég lýk þessum pistli með því að birta yfirlýsinguna hér:

Yfirlýsing frá Iðjupjálfafélagi Íslands

Málþing í tilefni af alþjóðlegum degi iðjupjálfunar:

„Samstaða og samfélag“

Stríð og hryðjuverk ógna mannréttindum, lífi og heilsu fólks. Átök bitna mest á almennum borgurum með hörmulegum og langvarandi afleiðingum fyrir einstaklinga og samfélög. Öryggi sem og venjur hversdagsins eru hrifsaðar af fólki, tækifæri til þátttöku og iðu verða að engu. Undir öllum kringumstæðum skal virða alþjóðalög og útvega fólki neyðaraðstoð, tryggja öryggi og aðgengi að brýnni heilbrigðisþjónustu. Stríðsátök koma hvað harðast niður á konum, börnum og fötluðu fólki. Veita þarf þeim sérstaka vernd. Árásir á skóla, heilbrigðisstarfsfólk og sjúkrahús eru algerlega óásættanlegar og þeim verður að linna.

Iðjupjálfafélag Íslands fordæmir með öllu hryðjuverk og stríðsátök hvar sem er í heiminum. Félagið vill með þessari yfirlýsingu sýna almennum borgurum í Úkraínu, Palestínu og Ísrael sem og þeim sem lifa á öðrum stríðshrjáðum svæðum stuðning. Hugur okkar er hjá iðjupjálfum og öðru heilbrigðisstarfsfólki sem sinnir störfum sínum við þessar erfiðu og lífshættulegu aðstæður. Vegna átakanna munu félagar okkar í löndunum fyrir botni Miðjarðarhafs ekki fagna alþjóðlegum degi iðjupjálfunar líkt og við sem búum á Norðurlöndunum.

Iðjupjálfafélag Íslands skorar á íslensk stjórnvöld að taka skýra afstöðu gegn stríðsglæpum, taka þátt í samtali og stuðla að friði á alþjóðavísu auk þess að leggja sitt af mörkum til mannúðarhjálp á átakasvæðum.

Reykjavík 27. október 2023. Stjórn Iðjupjálfafélags Íslands

**Með samstöðu getum við breytt heiminum!
kær kveðja Þóra**

Dr. Snæfríður Egilson, prófessor í fötlunarfræðum á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands.

Kristjana Fenger, fyrrum lektor í iðjubjálfunarfræði við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Guðrún Pálmadóttir, Prófessor emerita við Heilbrigðisvísindasvið Háskólans á Akureyri.



Rannsóknir og birtingar íslenskra iðjubjálfa frá aldamótum

Útdráttur

Upp úr aldamótunum síðustu fór að fjölga í stétt íslenskra iðjubjálfa og menntun þeirra jókst. Jafnframt jukust fræðastörf og birtingar á ýmsum vettvangi.

Markmið þessarar heimildasamantektar var að kortleggja fræðastörf innan fagsins með því að varpa ljósi á fræðilegt framlag íslenskra iðjubjálfa frá aldamótum. Megináherslan var á greinar í iðjubjálfunartímaritum en sjónarhornið beindist einnig að öðrum fræðasviðum til glöggvunar á því hvað hefur verið ritað og hvar það hefur birst.

Aðferð: Rýnt var skipulega í ritrynt efni í iðjubjálfunartímaritum en greinar í öðrum tímaritum voru flokkaðar eftir sviðum. Eftirfarandi viðmið voru sett um þær greinar: a) ef höfundar voru sjö eða færri skipti höfundaröð iðjubjálfa ekki máli eða b) ef höfundar voru fleiri en sjö þurfti iðjubjálfi að vera meðal fyrstu þriggja höfunda eða sá síðasti til að greinin teldist með.

Niðurstöður: Alls birtust 43 ritryndar greinar í 10 iðjubjálfunartímaritum frá aldamótum og fram til ársins 2023, flestar í *Iðjubjálfanum* og *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 14 greinar í hvoru tímariti. Alls komu 20 íslenskir iðjubjálfar að þessum greinarskrifum og var skipting þannig: 14 greinar beindust að þjónustu iðjubjálfa, 13 að aðferðafræði eða rannsóknum á matstækjum, 13 að þátttöku og/eða umhverfi, 7 að viðhorfum og/eða líðan, 4 að hugmyndafræði fagsins og 2 að færni. Stöku greinar féllu í tvo flokka.

Alls fundust 72 birtingar á fjölbreyttum þverfræðilegum vettvangi heilbrigðis-, mennta- og félagsvísinda. Oftast voru iðjubjálfar þar í hópi fræðafólks með annan bakgrunn og í einu tilviki í stórum og afkastamiklum rannsóknarhópi. Flest tímaritin voru á heilbrigðisvísindasviði en þar á eftir komu tímarit í lýðheilsuvísindum og fötlunarfræðum.

Ályktanir: Mikil rannsóknarvirkni íslenskra iðjubjálfa er athygliverð. Fjöldmörg réttindi og hlunnindi þeirra sem starfa innan

háskólasamfélagsins tengjast birtingum á viðurkenndum vettvangi. Mikilvægt er að hefja iðjubjálfa til vegs og virðingar og stuðla að því að ritryndar greinar í tímaritinu verði metnar sem skyldi í framtíðinni.

Lykilorð: Fræðileg samantekt, iðjubjálfunartímarit, þverfræðilegur vettvangur, Áherslur, Viðmið

Abstract

From the turn of the last century, the academic writings of Icelandic occupational therapists increased following the increase in their number and their education.

The goal of this review article was to map academic work within the field by shedding light on the scientific contribution of Icelandic occupational therapists since year 2000. The main focus was on scientific articles in occupational therapy journals, but the review also includes articles in other academic fields to better clarify what has been written and where it has been published.

Method: Peer-reviewed material in occupational therapy journals from the year 2000 and to date was systematically reviewed, while articles in other journals were only classified by field. Due to different traditions among different scientific disciplines the following inclusion criteria were applied for those articles: a) if there were seven or fewer authors, the occupational therapist's author order did not matter, and b) if there were more than seven authors, the occupational therapist had to be among the first three authors or the last one for the article to be included.

Results: A total of 43 peer-reviewed articles were published in 10 occupational therapy journals from 2000 to 2023, most of them in the *Icelandic Journal of Occupational Therapy* (iðjubjálfinn) and the *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 14 articles in each journal. Altogether 20 Icelandic

occupational therapists contributed to these articles, and the division was as follows: Occupational therapy services (14 articles), Methodology or research on assessment tools (13), Participation and environment (13), Attitudes and/or well-being (7) and Philosophy of the profession (4). Only two articles were directed at Functioning/performance, but it should be noted that many of the assessment tools which were in focus were directed at performance and functioning. Altogether 10 articles fell into two categories.

Based on the above-mentioned criteria, 72 publications were found in diverse interdisciplinary fields of health, education, and social sciences. Most often, occupational therapists were a part of a group of academics with a different background and in one case in a large and productive research group. Most of the journals were in the field of health sciences (23), followed by journals in public health (11), disability studies (11), education (8), biological sciences (7), social sciences (5), rehabilitation (5), and aging (2).

Conclusion:

The scope and breadth of Icelandic occupational therapists' publications is noteworthy considering that their population is just about 400. More often than not they publish outside of their field, possibly to reach a wider reading group and contribute in an interdisciplinary context. Numerous rights and benefits of those working in academia are related to publications in recognized forums which may at least partly explain where occupational therapists choose to publish and why. It is important to promote the Icelandic Journal of Occupational Therapy so that peer-reviewed articles in the journal are valued and appreciated in the future.

Keywords: Review, Occupational Therapy Journals, Interdisciplinary research, Focus, Criteria

Inngangur

Iðjuþjálfunarfræði er ung fræðigrein hér á landi. Líkt og fram kom í greininni „Saga fags og fræða: Iðjuþjálfun á Íslandi 1945–1997“ (Kristjana Fenger og Guðrún Pálmadóttir, 2022) sóttu flestir frumherjanna nám á öðrum Norðurlöndum þar sem takmörkuð áhersla var lögð á rannsóknir í faginu. Framhaldsnám í iðjuþjálfunarfræði var ekki í boði á þessum tíma en þess voru dæmi að iðjuþjálfar tækju meistaraþróf og birtu rannsóknargreinar á öðrum vettvangi (t.d. Pálmadóttir og Busch-Rossnagel, 1988). Lengi vel var Hope Knútsson eini iðjuþjálfinn með framhaldsmenntun hér á landi og barðist hún ötullega fyrir framgangi fags og fræða í íslensku samfélagi um árabil. Hennar framlag verður seint ofmetið enda hafði hún meðal annars milligöngu um að fá hingað til lands erlent fræðafólk sem hélt námskeið og vinnusmiðjur fyrir félagsmenn.

Segja má að Ísland hafi komist „á kortið“ í hinum fræðilega heimi iðjuþjálfunar árið 1990 þegar bók Guðrúnar Árnadóttur, *The Brain and Behavior*, kom út (Árnadóttir, 1990). Þar er matstækið A-One fyrst kynnt til sögunnar en það er staðlað

iðjumiðað matstæki til að meta ADL-færni og taugaeinkenni sem draga úr framkvæmd (Guðrún Árnadóttir og Sigrún Garðarsdóttir, 2015). Guðrún og samstarfsfélagar hennar hafa haldið áfram að þróa A-One allt til þessa dags (sjá yfirlit yfir greinar í töflu 1) og er það notað víða um lönd við mat á færni við eigin umsjá og einkennum sem tengjast röskun á taugaatferli.

Um og upp úr aldamótunum síðustu jukust fræðaskrif íslenskra iðjuþjálfra til muna þegar tók að fjölga í stétt þeirra og menntun þeirra jókst. Tímaritið *Iðjuþjálfinn* var lengi vel helsti vettvangur birtinga, og á nýrri öld hafa birst þar fjöldi fræði- og fagþróunargreina. Í fyrstu voru greinarnar óritrýndar (t.d. Elín Ebba Ásmundsdóttir, 1999, 2000; Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, 2001; Kristjana Fenger, 2001; Margrét Sigurðardóttir, 2000 og Sigrún Garðarsdóttir, 2000) en árið 2004 stóð ritrýni í fyrsta sinn til boða í *Iðjuþjálfanum* með grein Guðrúnar Pálmadóttur (2004) „Að gagnreyna eigin störf og stétt: Samþætting rannsóknarniðurstæðna um iðjuþjálfun á Íslandi“. Síðan hafa reglulega birst þar ritrýndar greinar. Á vegferð okkar við að

gera sögu og þróun fagsins síðustu áratugina skil varð að ráði að gera samantekt á fræðilegum heimildum, þar sem íslenskir iðjubjálfar eru meðal höfunda. Enga höfðum við fyrirmyndina enda hafa fáar þjóðir sennilega tækifæri til að rýna með skipulegum hætti í fræðilegt framlag félaga í stéttinni og skrásetja það.

Markmið greinarinnar er að varpa ljósi á fræðilegt framlag iðjubjálfa á Íslandi frá aldamótum. Megináherslan er á fræðigreinar sem birst hafa í iðjubjálfunartímaritum en sjónarhornið beinist einnig að öðrum fræðasviðum til frekari glöggvunar á því hvað hefur verið ritað og hvar það hefur birst.

Umfjöllunin hér á eftir er þannig upp byggð að í aðferðafræðikafla er greint frá vinnulagi við að finna, afmarka og flokka heimildir. Í niðurstöðum er fyrst fjallað um ritrýndar birtingar í iðjubjálfunartímaritum og síðan fylgir grófari samantekt á ritrýndum birtingum íslenskra iðjubjálfa á öðrum vettvangi. Loks er í umræðukafla lagt út af helstu niðurstöðum. Heimildaskráin í lok greinar á við umfjöllun fyrri hlutans en ritaskráin sem fylgir þar á eftir gefur yfirlit um birtingar á öðrum vettvangi.

Aðferð

Í upphafi rýndum við í samantekt á ritrýndu og ritstýrðu efni úr innlendum og erlendum fræðiritum sem finna má á vefsíðu Iðjubjálfafélagsins. Í ljós kom meira efni en okkur hafði órað fyrir, sumt var þó tvítalið en jafnframt vantaði ýmislegt á listann. Í kjölfarið leituðum við á Google Scholar, Researchgate.net og vefsíðum kollega sem við töldum hafa birt efni af fræðilegum toga. Loks var haft samband við stöku iðjubjálfa, þeir spurðir um birtingar sínar og falast eftir ferilskráum frá þeim.

Þá tóku við umræður um áherslur og afmörkun sem og mikilvægi þess að gæta jafnræðis og samræmis. Að íhuguðu máli ákváðum við að leggja megináherslu á ritrýnt efni í iðjubjálfunartímaritum frá aldamótum. Fræðilegum greinum í *Iðjubjálfanum* sem ekki höfðu verið ritrýndar og ritstjórnargreinum var því sleppt. Einnig ákváðum við að sleppa bókarköflum þar sem ekki var alltaf ljóst hvort eða að hvaða marki ritrýni hafði farið fram. Þar með var bókinn *Iðja, heilsa og velferð: Iðjubjálfun í íslensku samfélagi* (Guðrún Pálmadóttir

og Snæfríður Þóra Egilson, 2011) úr sögunni en alls áttu 14 iðjubjálfar kafla í bókinni.

Þegar yfirlit greinanna lá fyrir lásum við yfir ágripin og flokkuðum til að draga fram megináherslur. Stundum var óljóst hvernig skyldi staðið að flokkun og sumar greinar þurfti að okkar mati að flokka á fleiri en einn veg. Í stað þess að flokka út frá öllum hugsanlegum möguleikum lögðum við áherslu á megingilgang og viðfangsefni greinanna eins og þessu er lýst í heiti þeirra og ágripi. Einnig renndum við skipulega yfir texta flestra greinanna til að tryggja að samræmis væri gætt. Eftirfarandi flokkar urðu ofan á: Aðferðafræði og rannsóknir á matstækjum (ARM), Færni (FÆR), Hugmyndafræði (HUG), Viðhorf og/eða líðan (VL), Þátttaka og/eða umhverfi (ÞU), Þjónusta (ÞJÓN) (sjá einnig í síðasta dálki í töflu 1).

Sama vinnulag var viðhaft til að fá yfirlit yfir efni sem birtist í öðrum tímaritum. Þannig voru bókarkafar útilokaðir og birtingar í ráðstefnuritum ekki taldar með ef þær höfðu ekki DOI-númer og voru ekki aðgengilegar á netinu. Þar eð markmiðið var að endurspegla hlut iðjubjálfa í rannsókn og skrifum var ljóst að setja þurfti viðmið til að stuðla að ákveðnu samræmi. Í lífvísindum og sumum greinum heilbrigðisvísinda eru höfundar oft mjög margir og allir sem koma á einhvern hátt að gagnaöflun og greiningu eru tilgreindir. Þessu er öfugt farið í félags- og menntavísindum þar sem höfundar eru sjaldan fleiri en fjórir og þeirra sem hafa minniháttar aðkomu að rannsóknarferlinu og greinarskrifum er þess í stað getið í þakkarorðum. Frumathugun okkar leiddi í ljós að sú virtist einnig raunin innan iðjubjálfunar og í töflu 1 sést að einungis í fjórum fræðigreinum í iðjubjálfunartímaritum voru höfundar fleiri en fjórir. Því var ákveðið að þar sem höfundar voru sjö eða færri skipti höfundaröð iðjubjálfa ekki máli. Þar sem höfundar voru fleiri en sjö þurfti iðjubjálfi hins vegar að vera meðal fyrstu þriggja höfunda eða sá síðasti til að greinin teldist með. Upphaflega flokkuðum við tímaritin í þrennt: heilbrigðisvísindi, menntavísindi og félagsvísindi, en þegar á leið bættust við fleiri flokkar til að veita fyllri upplýsingar og innsýn. Fjöldans vegna ákváðum við að birta ekki yfirlit yfir greinarnar heldur flokkuðum við þær eingöngu út frá tímaritunum þar sem þær birtust.

Niðurstöður

Ritryndar birtingar íslenskra iðjupjálfa í iðjupjálfunar-tímaritum

Líkt og sjá má í töflu 1 birtust 43 ritryndar greinar í 10 iðju-pjálfunartímaritum frá aldamótum og fram til júní 2023. Flestar birtust í *Iðjupjálfanum* og *Scandinavian Journal of Occupational Therapy (SJOT)*, 14 greinar í hvoru tímariti. Fjórar

greinar birtust í *American Journal of Occupational Therapy (AJOT)*, þrjár í *British Journal of Occupational Therapy (BJOT)* og aðrar þrjár í *Journal of Occupational Science (JOS)*. Í fimm öðrum iðjupjálfunartímaritum fannst ein grein í hverju. Alls komu 20 íslenskir iðjupjálfar að þessum greinarskrifum.

Tafla 1. Ritryndar greinar í iðjupjálfatímaritum þar sem íslenskur iðjupjálfi er meðal rannsakenda

IÐJUPJÁLFINN	
Hulda Þórey Gísladóttir, Ásta Snorradóttir og Kristjana Fenger (2020). Atvinnuþátttaka fólks með skerta starfsgetu: Sjónarhorn stjórnenda á vinnumarkaði. <i>Iðjupjálfinn</i> , 41(1),16–23.	ÞJÓN
Kristjana Fenger, Margrét Sigurðardóttir og Patricia J. Scott (2020). Hlutverkalistinn: Þátttaka og sátt. Þýðingarferli og mat á réttmæti og notagildi. <i>Iðjupjálfinn</i> 41(1), 6–13.	ARM
Ásdís Sigurjónsdóttir, Guðrún Pálmadóttir og Kristjana Fenger (2019). „Við höfum þurft að breyta okkar starfi“: Starfsendurhæfing á Íslandi frá sjónarhóli starfsfólks starfsendurhæfingarstöðva. <i>Iðjupjálfinn</i> , 40(1), 6–13.	ÞJÓN
Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir (2018). Iðjupjálfun í ljósi gagnrýnna sjónarhorna: Umfjöllun um verk K.W. Hammell og gildi þeirra fyrir iðjupjálfun á Íslandi. <i>Iðjupjálfinn</i> , 39(1), 6–13.	HUG
Gunnhildur Jakobsdóttir, Þóra Leósdóttir og Snæfríður Þóra Egilson (2017). Samfélagsþátttaka einhverfra barna: Viðhorf foreldra. <i>Iðjupjálfinn</i> 38(1), 6–13.	ÞU/VL
Sonja Stelly Gústafsdóttir (2016). Public beliefs about cause & risk of depression in Iceland: A pilot study. <i>Iðjupjálfinn</i> , 37(2), 5–10.	VL
Snæfríður Þóra Egilson, Linda Björk Ólafsdóttir, Hólmðís Methúsalemsdóttir og Þóra Leósdóttir (2013). Þýðingarferli og notkun lífsgæðamatslistans KIDSCREEN á Íslandi. <i>Iðjupjálfinn</i> , 34(1), 28–33.	ARM/VL
Guðrún Pálmadóttir (2013). ICF og iðjupjálfun: Fagþróun, hugmyndafræði og hagnýtt gildi. <i>Iðjupjálfinn</i> , 34(1), 9–17.	HUG
Sara Stefánsdóttir og Snæfríður Þóra Egilson (2012). Er markmiðinu náð? Útkoma íhlutunar í endurhæfingu barna metin með Goal Attainment Scaling aðferðinni. <i>Iðjupjálfinn</i> , 33(1), 12–15.	ÞJÓN
Elín Ebba Ásmundsdóttir (2008). Geðrækt geðsjúkra: Útíhátíð í miðbæ Reykjavíkur. <i>Iðjupjálfinn</i> , 30(1), 19–26.	ÞU
Guðrún Árnadóttir (2008). Árangur af iðjupjálfun einstaklinga með taugaeinkenni: Hentug matstæki. <i>Iðjupjálfinn</i> , 30(1), 28–35.	ARM/ÞJÓN
Guðrún Pálmadóttir (2008). Iðjupjálfun í ljósi skjólstæðingsmiðaðrar nálgunar: Reynsla skjólstæðinga á endurhæfingarstofnunum. <i>Iðjupjálfinn</i> , 30(1), 6–16.	ÞJÓN
Snæfríður Þóra Egilson (2007). „Var hann duglegur í tímanum?“ Viðhorf foreldra barna með hreyfihömlun til þjónustu iðjupjálfa og sjúkraþjálfa. <i>Iðjupjálfinn</i> , 29(1), 22–31	ÞJÓN/VL
Guðrún Pálmadóttir (2004). Að gagnreyna eigin störf og stétt: Samþætting rannsóknarniðurstaðna um iðjupjálfun á Íslandi. <i>Iðjupjálfinn</i> , 26(1), 14–23.	ÞJÓN

SCANDINAVIAN JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Egilson, S. Þ. og Jónasdóttir, S. K. (2023). Drawing on critical disability and universal design perspectives within occupational therapy. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> . DOI: 10.1080/11038128.2023.2225755.	HUG
Sigurðardóttir, M., Fenger, K. og Schwartz, A. E. (2022). Psychometric testing of the Icelandic Occupational Self-Assessment (OSA-IS). <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> . DOI: 10.1080/11038128.2022.2074537	ARM
Thordardottir, B., Stigen, L., Magne, T. A., Johnson, S. G., Gramstad, A., Gran, A. W. o.fl. (2020). Student perceptions of the learning environment in Norwegian occupational therapy education programs. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 29(1), 25–32.	VL/ÞU
Ólafsdóttir, L. B., Egilson, S. T., Árnadóttir, U. og Hardonk, S. C. (2019). Child & parent perspectives of life quality of children with physical impairments compared with non-disabled peers. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 26(7), 496–504.	VL
Egilson, S. T., Jakobsdóttir, G., Ólafsson, K. og Leósdóttir, T. (2017). Community participation & environment of children with & without autism spectrum disorder: Parent perspectives. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 24(3), 187–196.	ÞU
Árnadóttir, G. (2017). Contributing to an integrated profession: A model-based examination of the A-ONE. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 24(2), 98–108.	ARM/HUG
Ingvarsson, L., Egilson, S. T. og Skaptadottir, U. D. (2016). "I want a normal life like everyone else": Daily life of asylum seekers in Iceland. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 23(6) 416–424.	ÞU
Stefánsdóttir, S. og Egilson, S. T. (2016). Diverging perspectives on children's rehabilitation services: A mixed method study. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 23(5), 374–382.	ÞJÓN
Thordardottir, B., Ekstam, L., Chiatti, C og Malmgren Fänge, A. (2016). Factors associated with participation frequency & satisfaction among people applying for a housing adaptation grant. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 23(5), 347–356.	ÞU
Árnadóttir, G., Löfgren, B. og Fisher, A. G. (2012). Neurobehavioral functions evaluated in naturalistic contexts: Rasch analysis of the A-ONE Neurobehavioral Impact Scale. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 24(2) 98–108.	ARM
Palmadóttir, G. (2010). The role of occupational participation & environment among Icelandic women with breast cancer: A qualitative study. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 17(4), 299–307.	ÞU
Fenger, K. og Kramer, J. (2007). Worker Role Interview: Testing the psychometric properties of the Icelandic version. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 14(3), 160–172.	ARM
Egilson, S. og Coster, W. (2004). School Function Assessment: Performance of Icelandic students with special needs. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 11(4), 163–170.	ÞU/FÆR
Kaplan, S. og Ásmundsdóttir, E. E. (2000). Icelandic occupational therapists' attitudes toward professionalism. <i>Scandinavian Journal of Occupational Therapy</i> , 7(2), 67–75.	VL

AMERICAN JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Antwerp, L. V., Crabtree, J., Scott, P., Fenger, K., Haglund, L. og Kuo, F. (2016). Translation guidelines for the Role Checklist Version 2: Quality of performance feasibility study in Iceland & China. *American Journal of Occupational Therapy*, 70(4, Supplement 1).

ARM

Egilson, S. T. og Traustadóttir, R. (2009). Participation of students with physical impairments within the school environment. *American Journal of Occupational Therapy*, 63(3), 264–272.

ÞU

Árnadóttir, G. og Fisher, A. G. (2008). Rasch analysis of the ADL Scale of the A-ONE. *American Journal of Occupational Therapy*, 62(1), 51–60.

ARM

Gardarsdóttir, S. og Kaplan, S. (2002). Validity of the Árnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation (A-ONE): Performance in activities of daily living & neurobehavioral impairments of persons with left & right hemisphere damage. *The American Journal of Occupational Therapy*, 56(5), 499–508.

ARM

BRITISH JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Óladóttir, S. og Palmadóttir, G. (2017). The continuum of client-centred practice in an acute psychiatric unit: A mixed method study of clients' perceptions. *British Journal of Occupational Therapy*, 80(1), 49–57.

ÞJÓN

Egilson, S. T. og Hemmingsson, H. (2009). School participation of pupils with physical & psychosocial limitations: A comparison. *British Journal of Occupational Therapy*, 72(4), 144–152.

ÞU

Palmadóttir, G. (2006). Client-therapist relationships: Experiences of occupational therapy clients in rehabilitation. *British Journal of Occupational Therapy*, 69(9), 394–401.

ÞJÓN

JOURNAL OF OCCUPATIONAL SCIENCE

Jónasdóttir, S. K., Egilson, S. Þ. og Polgar, J. (2021). Structural factors affecting community mobility for people with mobility impairments in Iceland: A human rights & occupational perspective. *Journal of Occupational Science*, 28(1), 59–70.

ÞU/ÞJÓN

Jónasdóttir, S. K., Egilson, S. Þ. og Polgar, J. (2018). Services, systems & policies affecting community mobility for people with mobility impairments in Northern Iceland: An occupational perspective. *Journal of Occupational Science*, 25(3), 309–321.

ÞU/ÞJÓN

Jónasdóttir, S. K., Hand, C., Misener, L. og Polgar, J. (2018). Applying case study methodology to occupational science research. *Journal of Occupational Science*, 25(3), 393–407.

ARM

CANADIAN JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Jónasdóttir, S. K. og Polgar, J. M. (2018). Services, systems, and policies affecting mobility device users' community mobility: A scoping review. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 85(2), 106–116.

ÞU/ÞJÓN

PHYSICAL AND OCCUPATIONAL THERAPY IN PEDIATRICS

Leosdóttir, T., Egilson, S. T. og Georgsdóttir, I. (2005). Performance of extremely low birthweight children at 5 years of age on the Miller Assessment for Preschoolers. *Physical & Occupational Therapy in Pediatrics*, 25(4), 59–72.

FÆR

OCCUPATIONAL THERAPY IN MENTAL HEALTH

Ásmundsdóttir, E. E. (2009). Creation of new services: Collaboration between mental health consumers and occupational therapists. *Occupational Therapy in Mental Health*, 25(2), 115–126.

ÞJÓN

ASIAN JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Higashi, Y., Takabatake, S., Matsubara, A., Nishikawa, K., Kaneda, T., Nakaoka, K., Somei, Y. og Árnadóttir, G. (2023). Neurobehavioral Impairment Scale of the A-ONE J: Rasch analysis and concurrent validation. *Asian Journal of Occupational Therapy*, 19(1), 30–37.

ARM

HONG KONG JOURNAL OF OCCUPATIONAL THERAPY

Higashi, Y., Takabatake, S., Matsubara, A., Nishikawa, K., Shigeta, H. og Árnadóttir, G. (2019). Reliability and validity of the Japanese version of the ADL-focused Occupation-based Neurobehavioral Evaluation (A-ONE J): Applying Rasch analysis methods. *Hong Kong Journal of Occupational Therapy*, 32(1), 32–40.

ARM

Flestar greinanna fjölluðu um þjónustu iðjubálfa (ÞJÓN), aðferðafræði eða rannsóknir á matstækjum (ARM) og þátttöku og umhverfi (ÞU), álíka margar í hverjum flokki. Fjórtán greinar sneru að þjónustu iðjubálfa með einum eða öðrum hætti, þar af birtist helmingurinn í *Iðjubálfanum*. Oftast var um að ræða rannsóknargreinar þar sem rýnt var í upplýsingar frá notendum, svo sem grein Elínar Ebbu Ásmundsdóttur (Ásmundsdóttir, 2009) og Sólrúnar Óladóttur og Guðrúnar Pálmadóttur (Óladóttir og Pálmadóttir, 2017) eða frá starfsfólki (t.d. Ásdís Sigurjónsdóttir o.fl. 2019; Hulda Þórey Gísladóttir o.fl., 2020). Í stöku tilvikum var bæði byggt á upplýsingum frá notendum og starfsfólki svo sem í grein Söru Stefánsdóttur og Snæfríðar Þóru Egilson (Stefánsdóttir og Egilson, 2016). Einnig voru dæmi um greinar þar sem upplýsingum úr fleiri rannsóknum var teft saman, svo sem í grein Guðrúnar Pálmadóttur (2004). Þrjár greinar fjölluðu um þjónustu við börn en hinar 11 um þjónustu við fullorðið fólk.

Því næst komu greinar sem fjölluðu um þýðingu, staðfæringu eða aðrar rannsóknir á matstækjum (ARM) eða 13 greinar alls. Matstækin beindust flest að færni og þáttum sem hafa áhrif á færni. Flestar greinanna sneru að réttmætisathugunum á og notagildi A-One hér á landi og víðar eða sex greinar alls (Árnadóttir, 2017; Árnadóttir og Fisher, 2008; Árnadóttir o.fl., 2012; Gardarsdóttir og Kaplan, 2002; Higashi o.fl. 2019; Higashi o.fl., 2023). Umfjöllun um A-One er einnig miðlæg í grein Guðrúnar Árnadóttir (2008) en þar er jafnframt fjallað um önnur matstæki sem byggja á áhorfi svo sem AMPS. Önnur matstæki sem fjallað var um byggðust á upplýsingum frá notendum eða aðstandendum þeirra og beindust að þátttöku og færni. Fjórar greinar fjölluðu um rannsóknir og staðfæringu á MOHO-matstækjum í íslensku og erlendu samhengi (Antwerp o.fl., 2016; Fenger og Kramer, 2007; Kristjana Fenger o.fl., 2020; Sigurðardóttir o.fl., 2022) og notagildi þeirra. Undir þennan flokk settum við einnig grein Sigrúnar Kristínar

Jónasdóttur, Hand, Misener og Polgar (Jónasdóttir o.fl., 2018) þar sem aðferðafræði tilviksrannsóknar var í brennidepli og lagt út af henni. Langflest matstækin og annað í umfjölluninni beindist að fullorðnu fólki, eða 12 greinar. Einungis var fjallað um rannsóknir á einu matstæki, KIDSCREEN, sem notað er með börnum (Snæfríður Þóra Egilson o.fl., 2013).

Í 13 greinum var þátttaka og/eða umhverfi (PU) í brennidepli. Greinarnar voru af ólíkum toga og beindust meðal annars að börnum og unglingum (Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017; Egilson o.fl. 2017; Egilson og Hemmingsson, 2009; Egilson og Coster, 2004), geðrækt geðsjúkra (Elín Ebba Ásmundsdóttir, 2008), aðstæðum hælisleitenda hér á landi (Ingvarsson o.fl., 2016) og þátttöku og ánægju fólks sem sækir um styrk til breytinga á húsnæði í Svíþjóð (Thordardóttir o.fl., 2016). Í tveimur greinum var rýnt með skipulegum hætti í stefnuskjöl og önnur gögn sem vörpuðu ljósi á tækifæri fólks með hreyfihömlun til þátttöku (Jónasdóttir o.fl., 2018, 2021).

Sjö greinar féllu undir flokkinn viðhorf og/eða líðan svo sem grein Sonju Stelly Gústafsdóttur (2016) um viðhorf almennings til ástæðna og hættu á þunglyndi, og grein Susan Kaplan og Elínar Ebbu um viðhorf iðjuþjálfna til fagmennsku (Kaplan og Ásmundsdóttir, 2000). Sumar þessara greina féllu einnig í aðra flokka svo sem greinar sem byggðust gagngert á viðhorfum foreldra fatlaðra barna þótt þjónusta eða þátttaka og umhverfi væri annars í brennidepli (Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017; Snæfríður Þóra Egilson, 2007) eða grein Bjargar Þórðardóttur og félaga um viðhorf iðjuþjálfanema í Noregi til námsumhverfisins (Thordardóttir o.fl., 2020).

Fjórar greinar fjölluðu um hugmyndafræði fagsins (HUG). Tvær þeirra birtust í Iðjuþjálfanum, grein Guðrúnar Pálmadóttur um ICF og iðjuþjálfun (2013) og grein Snæfríðar og Guðrúnar Pálmadóttur (2018) um gagnrýnin sjónarhorn innan fagsins í ljósi verka K. W. Hammell. Aðrar tvær greinar af hugmyndafræðilegum toga birtust í SJOT, grein Guðrúnar Árnadóttur (2017) um hugmyndafræðilega þróun A-One

og grein Snæfríðar og Sigrúnar Kristínar um mikilvægi gagnrýnnar fötlunarfræðinálgunar og algildrar hönnunar í iðjuþjálfun (Egilson og Jónasdóttir, 2023).

Einungis tvær greinar fjölluðu beinlínis um færni (FÆR) (Egilson og Coster, 2004; Leosdóttir o.fl. 2005) en þess ber að geta að matstækin sem voru í fyrirrúmi í mörgum greinum beindust oft að færni í athöfnum svo sem grein Guðrúnar Árnadóttur og félaga (2012). Hið sama má segja um stöku greinar sem beindust að þjónustu iðjuþjálfna, sem gat falist í því að auka færni í athöfnum, svo sem grein Söru og Snæfríðar (2012).

Líkt og segir að framan lá þessi flokkun síður en svo í augum uppi. Það átti meðal annars við um greinar sem beindust að tiltekinni þjónustu eða efni en þar sem jafnframt var fjallað töluvert um matstækin eða aðferðina sem beitt var. Þetta átti t.d. við um grein Snæfríðar, Gunnhildar Jakobsdóttur, Kjartans Ólafssonar og Þóru Leósdóttur í SJOT (Egilson o.fl., 2017) en þar er matstækið PEM-CY notað til að rýna í samfélagsþátttöku og umhverfi einhverfra barna og unglinga. Niðurstaðan var sú að flokka hana eingöngu undir þátttöku og umhverfi líkt og aðrar greinar þar sem svipað var uppi á teningnum. Í öðrum tilvikum var áherslan fyrst og fremst á rannsókn á ákveðnu matstæki en um leið var fjallað töluvert um niðurstöður sem fengust með notkun þess. Dæmi þess er grein Snæfríðar, Lindu Bjarkar Ólafsdóttur, Hólmdísar Methúsalemsdóttur og Þóru Leósdóttur (2013) þar sem fjallað er um þýðingu og staðfæringu KIDSCREEN en einnig um niðurstöður íslenskra rannsókna þar sem KIDSCREEN var beitt, rannsókna sem endurspegla viðhorf og líðan foreldra og barna. Dæmi um greinar sem féllu í tvo flokka, aðrar en þær sem áður hafa verið nefndar, eru greinar Sigrúnar Kristínar, Snæfríðar og Jan Polgar (2021, 2018) sem beinast að umhverfi og þátttöku en þjónusta er einnig í brennidepli. Grein Guðrúnar Árnadóttur (2017) féll einnig í tvo flokka að okkar mati, hún byggir á hugmyndafræðilegum grunni en fjallar einkum um þróun A-ONE.

Ritryndar birtingar íslenskra iðjubjálfa á öðrum vettvangi

Frumniðurstöður gáfu til kynna aðild iðjubjálfa að hátt í 120 greinum en að framlag þeirra væri að líkindum mjög mismunandi enda hljóp höfundafjöldi í sumum greinum á tugum. Þegar viðmiðin voru þrengd, eins og lýst er í aðferðafræðikafla, leiddu niðurstöður heimildasamantektarinnar í ljós 72 birtingar á fjölbreyttum þverfræðilegum vettvangi heilbrigðis-, mennta- og félagsvísinda. Oftast voru iðjubjálfar þar í hópi fræðafólks með annan bakgrunn og í einu tilviki í stórum og afkastamiklum rannsóknarhópi.

Flokkar og fjöldi tímarita í flokki sjást í töflu 2 og mynd 1 sem veitir yfirlit yfir prósentuhlutföll í flokki. Líkt og sjá má eru

flestar birtingar í tímaritum í heilbrigðisvísindum og þar á eftir fylgja birtingar í lýðheilsuvísindum og fötlunarfræðum. Áður en viðmiðin voru hert voru mun fleiri birtingar í tímaritum í lífvísindum og nokkuð í öldrunarfræðum.


Í ritaskrá er yfirlit yfir þessar rannsóknargreinar og þar miðað við ártöl birtinga. Í stöku tilvikum reyndist erfitt að flokka tímarit og hugsanlega hefði annars konar flokkun komið til greina. Sem dæmi má nefna tímaritið *WORK: A Journal of Prevention, Assessment & Rehabilitation* sem hér er flokkað sem tímarit í lýðheilsuvísindum en hefði einnig mátt flokka sem tímarit í endurhæfingu.

Tafla 2. Flokkur tímarita, fjöldi greina og dæmi um tímarit í hverjum flokki.

TÍMARIT	FJÖLDI GREINA	DÆMI UM TÍMARIT Í FLOKKI
Tímarit í heilbrigðisvísindum	23	<i>European Journal of Cancer Care; Scandinavian Journal of Caring Sciences; Læknablaðið; Tímarit hjúkrunarfræðinga</i>
Tímarit í lýðheilsuvísindum	11	<i>Work; International Journal of Environmental Research and Public Health</i>
Tímarit í fötlunarfræðum	11	<i>Disability and Society; Scandinavian Journal of Disability Research</i>
Tímarit í uppeldis- og menntavísindum	8	<i>European Journal of Special Needs Education; Glæður, Tímarit um uppeldi og menntun</i>
Tímarit lífvísindum	7	<i>Osteoporosis International; Journal of Clinical Densitometry</i>
Tímarit í félagsvísindum	5	<i>Sociology of Health and Illness; Stjórnmal og stjórnsýsla; Íslenska þjóðfélagið</i>
Tímarit í endurhæfingu	5	<i>Disability and Rehabilitation; Clinical Rehabilitation</i>
Tímarit í öldrunarfræðum	2	<i>Age and Aging; Journal of Housing for the elderly</i>
SAMTALS	72	

Mynd 1.

Hlutfall greina birt í átta flokkum tímarita



Umræða

Hér verður fyrst fjallað um fjölda og inntak greina í iðjubjálfunartímaritum. Líkt og segir að framan fjölluðu flestar greinarnar um þjónustu iðjubjálfa, þátttöku og umhverfi, og aðferðafræði og rannsóknir á matstækjum.

Fræðigreinar í iðjubjálfunartímaritum

Í greinum sem fjölluðu um þjónustu iðjubjálfa var notenda-miðuð sýn oftast í brennidepli og upplýsinga aflað frá notendum sjálfum eða aðstandendum þeirra. Einnig var töluvert um greinar sem byggðust á viðhorfum starfsfólks sem veitir ákveðna þjónustu. Töluverð breidd var í skrifum en greinar sem birtust í *Iðjubjálfanum* fjölluðu yfirleitt á sértækari hátt um íslenskt samfélag og aðstæður. Greinar í erlendum iðjubjálfunartímaritum höfðu gjarnan breiðari skírskotun og þar var lagt út af niðurstöðum í alþjóðlegu samhengi í samræmi við áherslur viðkomandi tímarita. Ekki var hægt að greina mun á faglegum áherslum í þjónustu á því árabili sem kannað var enda einungis um að ræða 14 greinar.

Fjöldi greina sem beinast að áreiðanleika og réttmætis-athugunum á matstækjum kemur ekki á óvart en á undanförunum árum hefur áhersla verið lögð á þýðingu og

staðfæringu matstækja í íslensku samhengi og víðar (t.d. Fenger og Kramer, 2007; Gardarsdóttir og Kaplan, 2002; Sigurðardóttir o.fl., 2022). Þetta tengist auknum kröfum um að matstæki séu traust og vel rannsökuð svo að hægt sé að draga af þeim áreiðanlegar og trúverðugar upplýsingar. Það á ekki síst við þegar matstæki eru notuð utan þeirra mál- og menningarsvæða þar sem þau voru þróuð og ef skilningur á lykilhugtökum er hugsanlega ólíkur (Arafat o.fl., 2016; Stevelink og Brakel, 2013). Til dæmis leiddu rannsóknir Sólrúnar Óladóttur og félaga á próffræðilegum eiginleikum og notagildi matstækisins Client-centred questionnaire, sem þróað var í Kanada og notað víða um lönd (Cott, 2004), til mikilla breytinga á uppbyggingu þess og áherslum á íslenskum vettvangi (Óladóttir og Pálmadóttir, 2017; Óladóttir o.fl., 2023; Sólrún Óladóttir og Guðrún Pálmadóttir, 2013). Eftir þáttagreiningu standa einungis eftir 24 spurningar í íslensku útgáfunni (Client-centred questionnaire-is) en í upprunaútgáfunni eru þær 33. Niðurstöður Rasch greiningar á íslenskri þýðingu OSA (Sigurðardóttir o.fl. 2022) sýndu einnig að ekki væri skynsamlegt að umbreyta niðurstöðum raðkvarða matstækisins á sama hátt og í ensku útgáfunni og því var búin til sérstök umbreytitafla fyrir íslensku útgáfuna (Sigurðardóttir o.fl. 2022). Hafa ber í huga að niðurstöður

matstækja geta ráðið miklu um ákvarðanatöku og faglegar áherslur þannig að mikið er í húfi. Af einstökum matstækjum tengdust flestar greinarnar uppbyggingu, þróun og notagildi A-One með einum eða öðrum hætti líkt og fram hefur komið og sjá má í töflu 1 (Árnadóttir, 2017; Árnadóttir og Fisher, 2008; Árnadóttir o.fl., 2012; Gardarsdóttir og Kaplan, 2002; Higashi o.fl., 2019; Higashi o.fl., 2023). Tvær þeirra fjalla um réttmætisathuganir og Rasch greiningu á japanskri útgáfu þess (A-ONE J) (Higashi o.fl., 2019; Higashi o.fl., 2023) en matstækið hefur mikið verið notað í norðaustur Asíu.

Athygli vekur hve margar greinar fjalla um þátttöku og umhverfi og er það líkast til í takt við þróunina innan iðjuþjálfunar og iðjuvísinda þar sem síaukin áhersla er lögð á samfélagslega þætti. Meðal annars hefur verið áréttað að iðjuþjálfar þurfi í auknum mæli að beina sjónum að þeim ólíku aðstæðum sem fólk býr við, aðstæðum sem móta tækifæri þess til að lifa mannsæmandi lífi og stunda iðju sem er því mikilvæg. Bent hefur verið á að fjölmargar hindranir sem notendur iðjuþjálfunar standa frammi fyrir eiga rætur að rekja til stjórnsýslu, menningar og félagslegs umhverfis, svo sem þegar upplýsingar og þjónusta koma ekki til móts við þarfir þeirra (t.d. Egilson og Jónasdóttir, 2023; Gerlach, 2015; Hammell, 2017; 2021; Snæfríður Þóra Egilson og Guðrún Pálmadóttir, 2018; Snæfríður Þóra Egilson og Sigrún Kristín Jónasdóttir, 2022). Þarna endurspeglast einnig hugsanlega áherslur og áhrif Alþjóðlega flokkunarkerfisins um færni, fötlun og heilsu (International Classification of Functioning, Disability and Health (World Health Organization, 2001) þar sem hugtökin þátttaka og umhverfi eru í brennidepli (Guðrún Pálmadóttir, 2013). Þrjár af fjórum greinum af hugmyndafræðilegum toga endurspegla gagnrýnar áherslur en greinum af þeim toga fer fjölgandi, ekki síst í SJOT og JOS. Einungis tvær greinar beindust hins vegar sérstaklega að færni, en í annarri þeirra voru þátttaka barna og skólaumhverfi einnig í brennidepli (Egilson og Coster, 2004). Líkt og fyrr segir var þó undirliggjandi áhersla á framkvæmd og færni víðar, svo sem í greinum sem beindust að þjónustu og matstækjum. Greinar þar sem viðhorf og líðan voru í brennidepli voru af mjög ólíkum toga eins og fram hefur komið og beindust ýmist að námi og fagi t.d. (Kaplan og Ásmundsdóttir, 2000; Thordardóttir

o.fl., 2020) eða viðhorfum almennings eða hópa um tiltekin málefni (t.d. Gunnhildur Jakobsdóttir o.fl., 2017; Sonja Stelly Gústafsdóttir, 2016).

Fræðigreinar á öðrum vettvangi

Líkt og fram kemur í töflu 2 og mynd 1 hér að framan hafa iðjuþjálfar birt fræðigreinar í fjölda tímarita og á fjölbreyttum þverfaglegum vettvangi. Mikill meirihluti greinanna snýst hvorki um iðjuþjálfun né iðjuvísindi sem kemur ekki á óvart þegar birt er á öðrum vettvangi. Alls komu 21 íslenskur iðjuþjálfari að þessum greinarskrifum, að hluta til þeir sömu og í greinum í iðjuþjálfunartímaritum en þó ekki að öllu leyti.

Tæpur þriðjungur greinanna, 23 greinar alls, voru í tímaritum á heilbrigðisvísindasviði. Tímaritin eru æði fjölbreytt og endurspegla vel þá breidd sem er á sviðinu. Álíka margar birtingar voru í tímaritum í lýðheilsuvísindum (15%) og fötlunarfræðum (15%) annars vegar og í uppeldis- og menntunarvísindum (11%) og lífvísindum (10%) hins vegar. Sjö prósent birtinga voru í tímaritum í félagsvísindum og endurhæfingu. Þar sem endurhæfing er svo miðlæg í kjarna iðjuþjálfunar kom greinarhöfundum nokkuð á óvart að einungis fimm greinar voru í skilgreindum endurhæfingartímaritum, en hugsanlega hefði mátt flokka tímaritið *Work* undir endurhæfingu og þar birtust aðrar fimm greinar. Skilgreind endurhæfingartímarit eru reyndar ekki mörg og ekki auðvelt að fá birt þar enda höfnunarhlutfall hátt, svo sem í *Disability and Rehabilitation* og *Clinical Rehabilitation*.

Þess ber að geta að áður en viðmiðin voru þrengd flokkuðust flestar greinar undir tímarit í lífvísindum. Það tengist því að Kristín Siggeirsdóttir iðjuþjálfari hefur um árabil starfað með afkastamiklum rannsóknarhópi sem birt hefur mikið á þeim vettvangi og víðar. Líkt og fyrr segir eru greinarhöfundar í lífvísindum oft mjög margir og einnig í sumum greinum heilbrigðisvísinda og öldrunarfræða, öfugt við það sem tíðkast í iðjuþjálfatímaritum og í félags- og menntavísindum. Þegar viðmiðin voru þrengd fækkaði því mjög í flokki lífvísinda. Ekki verður farið nánar í áherslur og efni greina á öðrum vettvangi enda leikurinn ekki til þess gerður.

Áhrifabættir á birtingu

Hugbúnaðurinn hefur verið settur upp á innra neti Landspítalans með aðstoð starfsfólks heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar hans. Hann stenst því kröfur um meðferð og vörslu sjúkraskráa og samræmist einnig öðrum öryggisstöðlum innan spítalans. Hugbúnaðurinn hefur einnig verið settur upp á netþjón þar sem iðjuþjálfar utan spítalans geta náð til hans, að því gefnu að öllum öryggisreglum sé framfylgt af iðjuþjálfum eða starfsstöðvum þeirra. Gerðar voru notendaprófanir á hugbúnaðnum 2020 og 2021 á mismunandi þróunarskeiðum hans. Ein slík notendaprófun er nú í gangi og nær hún bæði til iðjuþjálfara sem nota forritið innan spítalans og erlendra iðjuþjálfara sem staðið hafa að þýðingum þess og matstækisins á mismunandi tungumál (sjá Mynd 2).

Yfirstandandi vinna við hugbúnaðinn byggir á uppfærslu hans samkvæmt endurgjöf notenda, innleiðingu á þýðingum allra tölvuskráðra hugtaka hans og texta matseyðublaða. Um er að ræða þýðingu og forritun á yfir 3000 hugtökum með möguleika á vali milli sex tungumála (ensku, dönsku, íslensku, ítölsku, japönsku og kóresku). Einnig er verið að athuga hvort æskilegt sé að fjölga undirkræðum tengdum sértækum sjúkdómsgreiningum. Auk þess er unnið að skölun sem leyfir sveigjanleika lausna út frá ólíkum notendum. Erlendir iðjuþjálfar sem starfa sem prófessorar við háskóladeildir erlendis eða við klínískar deildir sjúkrahúsa sem komið hafa að þýðingum hugbúnaðarins yfir á mismunandi tungumál munu einnig taka þátt í notendaprófunum. Unnið er að uppfærslu handbókar með upplýsingum um uppsetningu og notkun forritsins. Auk þess er verið að kanna erlendar reglugerðir sem tengjast meðferð persónuupplýsinga í mismunandi heimsálfum og áhrif þeirra á útfærslu eyðublaðanna (sjá Mynd 3).

Kynningar á hugbúnaðnum og rannsóknarvinnunni að baki hans hafa farið fram á íslensku á þverfaglegum innlendum ráðstefnum (sex veggspjöld yfir mismunandi hugbúnaðar-tengd rannsóknarverkefni) og á ensku á alþjóðlegum



Mynd 4a. Undirbúningur opunar Vísindavöku Rannís 2022



Mynd 4b. Sýningargestir á Vísindavökunni streyma að.

ráðstefnum (veggspjöld og fyrirlestrar). Fagþróunarsjóður Iðjubjálfafélags Íslands studdi gerð fræðslu og kynningarefnis í tengslum við fjögur af ofanefndum veggspjöldum (2020 og 2022). Auk þess voru hugbúnaðurinn og vinnan að baki hans kynnt á Vísindavöku Rannís í október 2022 en sýningin í Laugardalshöllinni var sótt af yfir 6000 manns. Sýningarbásinn, 8 m², sem bar heitið *Íslensk iðjubjálfun um allan heim: Þróun notendahugbúnaðar í endurhæfingu* samanstóð af átta veggspjöldum auk tölvuskjás þar sem hægt var að skoða forritið. Iðjubjálfar á Grensási sáu um að kynna efnið fyrir sýningargestum (sjá Mynd 4a og Mynd 4b).

Síðastliðið vor bauðst öllum iðjubjálfum Landspítala sem nú eru starfandi og hafa réttindi til að nota A-ONE matstækið að taka þátt í kynningu á A-ONE hugbúnaðnum. Þar sem mislangt er frá því að iðjubjálfarnir sóttu A-ONE námskeið sín, allt frá fjórum upp í rúm 30 ár, var útbúið tveggja daga A-ONE upprifjunarnámskeið þar sem farið var yfir helstu nýjungar undanfarinna ára og þær tengdar matstækinu og þróun þess. Einnig fengu þátttakendur tækifæri til að meta einstaklinga út frá myndböndum með notkun íslenskrar þýðingar nýjustu útgáfu A-ONE eyðublaðanna og ræða niðurstöður.


Endurnýjuðu eyðublöðin eru í samræmi við uppfærslu þá er hugbúnaðarforritið og pdf-skrár þess byggja á. Auk þess var forritið kynnt ásamt helstu möguleikum þess og þátttakendum veittur aðgangur að því. Þeir munu síðan taka þátt í að skila inn notendaprófunum sem nýttar verða til að uppfæra forritið. Þar sem mikill áhugi var fyrir þátttöku á námskeiðinu og ekki var hægt að loka fyrir starfsemi iðjubjálfadeildanna var ákveðið að bjóða upp á tvö tveggja daga námskeið með mismunandi dagsetningum. Því gátu allir nema tveir A-ONE þjálfar iðjubjálfar á mismunandi deildum spítalans (bráðadeildum, endurhæfingardeildum, geðdeildum og öldrunardeildum) nýtt sér námstilboðið, sjá Mynd 5 frá námskeiðinu. Ákveðið var að bjóða einnig fjórum iðjubjálfum utan spítalans þátttöku þannig að hægt væri að afla samanburðar fyrir notendaprófanir af reynslu þeirra af netþjónustuútgáfu hugbúnaðarins við notkun hugbúnaðarins á netþjóni spítalans. Þessir iðjubjálfar starfa allir hjá Kjarki endurhæfingu í Hátúni. Verið er að safna saman og vinna úr gögnum frá notendaprófununum. Auk notendaprófana innanlands voru sambærilegar kannanir sendar til erlendra iðjubjálfa sem komið hafa að kennslu, þýðingum og þróun A-ONE. Þar má nefna prófessora við Kólumbíu-háskóla í Bandaríkjunum, Suður-Danmerkur-háskóla, Yonsei- og Konyang-háskólana í Suður-Kóreu. Einnig Morinomiya- og Osaka-háskólana í Japan og iðjubjálfa sem starfa á endur-



Mynd 5. Námskeið á Landspítala um nýjungar og hugbúnað A-ONE.

hæfingardeild Hiroshima-borgar, endurhæfingardeild Kansai-sjúkrahússins í Osaka og Kanazawa Kobu-sjúkrahússins í Japan auk iðjubjálfa endurhæfingardeildar Villa Rosa-sjúkrahússins í Trento á Ítalíu. Sjá Mynd 6 frá A-ONE fulltrúafundi á heimsráðstefnu iðjubjálfa í París 2022.

Að lokum er óhætt að segja að hugbúnaðargerð sem hófst að því er virtist sem nokkuð afmarkað og viðráðanlegt verkefni hafi undið upp á sig á undanförunum árum á öfyrirséðan hátt eins og reyndar á við um aðra þróun A-ONE matstækisins. Vonast er til að A-ONE hugbúnaðurinn nái að komast í frekari dreifingu í vetur.



Mynd 6. A-ONE fulltrúafundur á heimsráðstefnu iðjubjálfa í París 2022. Þar voru auk annarra mættir fulltrúar sem stóðu að þýðingum hugbúnaðarins á dönsku, íslensku, ítölsku og japönsku.

Heimildaskrá

- Árnadóttir, G. (2021). Impact of neurobehavioral deficits on activities of daily living. Í G. Gillen og D. M. Nilsen (ritstjórar), *Stroke rehabilitation: A function-based approach* (5. útgáfa, bls. 556–592). Elsevier.
- Árnadóttir, G. og Fisher, A. (2008). Rasch analysis of the ADL scale of the A-ONE. *American Journal of Occupational Therapy*, 62(1), 51–60. <https://doi.org/10.5014/ajot.62.1.51>
- Árnadóttir, G., Fisher, A. G. og Löfgren, B. (2009). Dimensionality of nonmotor neurobehavioral impairments when observed in the natural contexts of ADL task performance. *Neurorehabilitation and Neural Repair*, 23(6), 579–586. PMID: 19190088. <https://doi.org/10.1177/1545968308324223>
- Árnadóttir, G. og Harris, V. (2013). Celebrating the A-ONE's 25th anniversary. *OT Practice*, 18(12), 22–25.
- Árnadóttir, G., Löfgren, B. og Fisher, A. G. (2010). Difference in impact of neurobehavioral dysfunction on activities of daily living performance between right and left hemispheric stroke. *Journal of Rehabilitation Medicine*, 42(10), 903–907. PMID: 20927489. <https://doi.org/10.2340/16501977-0621>
- Árnadóttir, G., Löfgren, B. og Fisher, A. G. (2012). Neurobehavioral functions evaluated in naturalistic contexts: Rasch analysis of the A-ONE neurobehavioral impact scale. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 19(5), 439–449. PMID: 22181551. <https://doi.org/10.3109/11038128.2011.638674>
- Gillen, G. (2013). A fork in the road: An occupational hazard? *American Journal of Occupational Therapy*, 67(6), 641–652. <https://doi.org/10.5014/ajot.2013.676002>
- Guðrún Árnadóttir. (2016). Iðjubjálfun Landspítala: Eðli og eiginleikar matstækja í notkun. *Iðjubjálfinn*, 37(2), 14–22. https://www.ii.is/media/idjuthjalfinn/idjuthjalfinn_OKT_2016.pdf
- Guðrún Árnadóttir. (2023). Innra réttmæti hugbúnaðarútgáfu ADL kvarða A-ONE: Rasch greining. *Læknablaðið*, 109, Fylgirit 115, 11. <https://www.laeknabladid.is/fylgirit/fylgirit/2023/visindi-a-vordogum-2023/agripin-1>
- Guðrún Árnadóttir, Garðar Ingvarsson, Helgi Sigtryggsson og Bjarni Ármann Atlason. (2020). Notendahugbúnaður í endurhæfingu: Frá raðtölum í mælitölur. *Læknablaðið*, 106, Fylgirit 104, 20. <https://www.laeknabladid.is/fylgirit/fylgirit/2020/fylgirit-nr-104-okt-2020.-visindi-ad-hausti/agripin>
- Helgi Sigtryggsson, Garðar Ingvarsson og Guðrún Árnadóttir. (2022). Hugbúnaður sem mælir áhrif taugaeinkenna á framkvæmdafærni við ADL: Forkönnun á áreiðanleika mælinga. *Læknablaðið*, 108, Fylgirit 111, 19. <https://www.laeknabladid.is/fylgirit/fylgirit/2022/fylgirit-111/nr/8025>
- Helgi Sigtryggsson, Garðar Ingvarsson og Guðrún Árnadóttir. (2023). Ytra réttmæti ADL mæligilda A-ONE hugbúnaðarins: Samanburður við Rasch-greind mæligildi Winsteps-forritsins. *Læknablaðið*, 109, Fylgirit 115, 14. <https://www.laeknabladid.is/fylgirit/fylgirit/2023/visindi-a-vordogum-2023/agripin-1>
- Higashi, Y., Takabatake, S., Matsubara, A., Nishikawa, K., Shigeta, H. og Árnadóttir, G. (2019). Reliability and validity of the Japanese version of the ADL-focused occupation-based neurobehavioral evaluation (A-ONE J): Applying Rasch analysis methods. *The Hong Kong Journal of Occupational Therapy*, 32(1), 32–40. <https://doi.org/10.1177/1569186119825885>
- Higashi, Y., Takabatake, S., Matsubara, A., Nishikawa, K., Kaneda, T., Nakaoka, K., Somei, Y. og Árnadóttir, G. (2023). Neurobehavioral impairment scale of the A-ONE-J: Rasch analysis and concurrent validation. *Asian Journal of Occupational Therapy*, 19(1), 303–307. <https://doi.org/10.11596/asajot.19.30>
- Wesson, J. og Giles, G. M. (2019). Understanding functional cognition. Í T. J. Wolf, D. F. Edwards og G. M. Giles (ritstjórar). *Functional cognition and occupational therapy: A practical approach to treating individuals with cognitive loss* (bls. 7–20). American Occupational Therapy Association.

Dr. Björg Þórðardóttir, iðjuþjálfari
Gestalektor við Háskólann á Akureyri
Kennari og rannsakandi við
iðjuþjálfunarfræði Oslo Storbyuniversitet.



Þorum að spyrja og prófa eitthvað nýtt

Dr. Björg Þórðardóttir sinnir fullu starfi við kennslu og rannsóknir í iðjuþjálfunarfræði við OsloMet (áður Høyskolen i Oslo). Hún brást vel við beiðni ritnefndar að segja lesendum nánar frá námi sínu og störfum, meðal annars við íslenska útgáfu ReDo og Vamo í samstarfi við Reykjalund og fleiri. Hún lauk námi í iðjuþjálfun í Næstved í Danmörku 1997. Hún flutti þá aftur til Íslands, eignaðist fjölskyldu og vann lengst af á Reykjalundi.

Nám og starf á Norðurlöndum

„Við fjölskyldan fluttum svo til Lundar í Svíþjóð korter í hrun 2008. Makinn fór í meistaranám og ég tók lokaönnina í BS-námi í iðjuþjálfun við Lundarháskóla til að komast í meistaranám haustið 2009. Ég ilengdist í Lundi og var í doktorsnámi 2011–2016 hjá Centre for Aging in Supportive Environment,“ rifjar Björg upp (sjá <https://www.case.lu.se/en/case-startpage>).

Sem fyrr segir er Björg rannsakandi og kennari við OsloMet. Þar hefur hún starfað í rúm fimm ár, og næstum jafnlengi hjá Háskólanum á Akureyri. „Í Osló kenni ég aðallega á 2. ári og svo leiðbeini ég nokkrum meistaranemum, bæði hér og við HA. Í haust byrjuðu 24 iðjuþjálfar (!) í meistaranámi við OsloMet sem er mikil fjölgun frá fyrri árum. Í fyrra byrjuðu til dæmis aðeins 6, svo aukningin er gríðarleg – mjög jákvætt og spennandi. Það hefur líka verið lögð vinna í að kynna þetta nám undanfarið,“ útskýrir Björg.

Fjölbreytt og fræðandi kennsla

„Ég kenni aðallega á haustin í yfirgripsmiklu endurhæfingar-námskeiði svo það er mikil skipulagning í kringum það eiginlega allt árið. Við fáum fjölda kennara frá vettvangi til að kenna bæði fræðilega og verklega kennslu, eins og t.d. spælkugerð, COPM, notkun Virtual Reality við bæði líkamlega og geðræna sjúkdóma, fáum inn lækna til að kenna sjúkdómafræði, iðjuþjálfara frá Aldring og Helse sem eru sérfræðingar þegar kemur



Ég og kollegi Fanny Alexandra að prófa Gerisuit og COPD hermibúnað.

að heilabilun, heimsækjum Sunnaas Sykehus (<https://www.sunnaas.no/>) og áfram mætti lengi telja,“ lýsir Björg.

Hún sér einnig um aðgengisviku seinna á haustönn, „og einmitt þar erum við hjá OsloMet að byggja upp samstarf við námskeiðið Félagslegt umhverfi, stuðningur og tengsl (FUS) við iðjuþjálfunarfræði í HA og stefnum á að láta nemana hittast á fjarfundi í lok nóvember. Ég kynnti einmitt aðgengisvikuna á WFOT í París í fyrra og langar að gera hana enn stærri með nemendum og notendum frá fleiri löndum. Það er gæluverkefnið mitt. Ég hef fengið Ósk Sigurðardóttur til að segja frá Römpum upp Reykjavík og Sigrúnu Kristínu Jónasdóttur til að segja frá sínum rannsóknum. Þær hafa þá verið á zoom en ég hef haft fyrirlesara í stofu líka, t.d. prófessor Inger-Marie



Heimsókn á Velferðartæknimiðstöð í Álaborg.

Lid, og bókin hennar um algilda hönnun er skyldulesning hjá okkur. Svo fara nemarnir út og gera aðgengismælingar í sínu nærumhverfi og þetta er oft mikil upplifun fyrir þá þegar þeir sjá hvað aðgengi (í viðum skilningi) er víða lélegt!“

Sterkar fagstéttir og aukið samstarf

Aðspurð um framtíðarsýnina í faginu sér Björg fyrir sér færni- og hermisetur sem víðast og er hún búin að fara á eitt námskeið af þremur um að vera leiðbeinandi (n. fasilitator). „Hér í Noregi eins og á Íslandi er mikið talað um aukna samvinnu í heilbrigðisþjónustu og tilfærslu verkefna innan þjónustunnar. Hvað á ég að gera og hvað átt þú að gera? Skerpa á getu fagstéttanna og auka möguleika á meira samstarfi með fleiri stéttum eins og til dæmis sjúkraliðum. Ég fékk smá innanhússstyrk þrjú ár í röð og hef verið að skoða þetta með kennurum í sjúkrahjálfun, hjúkrun og þroskahjálfun (n. vernepleie) hér við OsloMet. Við kölluð okkur Tverr-piloten og höfum einbeitt okkur að því að skoða þau verkefni sem við sem faghópar leysum oft í sameiningu á vettvangi, eins og að koma fólki fram úr á morgnana, hvort sem það er á sjúkrahúsi eða heimahúsi,“ segir Björg.

„Færni- og hermisetur er svo góður vettvangur til að endurmennta starfsfólk, það er hægt að æfa þá sem eru sjúkraliðar núna ef þeir eiga að fara að taka við fleiri verkefnum en áður. Það er mikið í umræðunni hérna í Noregi að sjúkraliðar fái fleiri verkefni, axli meiri ábyrgð ef svo má segja. Það er mikið álag á heimaþjónustunni hér í Noregi og það er verið að skoða hvort eitthvað sem hjúkrunarfræðingarnir eru að gera í heimahjúkrun, gætu sjúkraliðar hugsanlega tekið yfir? Það eru til gögn hér



sem segja að um 60% af því sem hjúkrunarfræðingar gera í heimaþjónustunni sé ekki í raun hjúkrun heldur umönnun. Hún er auðvitað nauðsynleg en þarf ekki endilega hjúkrunarfræðing til. Með hermisetri er hægt að kenna fleirum hraðar og líka að styðja undir samstarf,“ lýsir hún.

Í mörg horn að líta í kennslu og rannsóknum

Ýmsar áskoranir eru í starfi Bjargar, til dæmis fjöldi nema.

„Það eru um 90 sem hefja námið en rétt rúmlega 60 sem fara yfir á annað ár, bakgrunnur þeirra er alltaf að verða fjölbreyttari, t.d. hvað þau lærðu í menntaskóla, hver er grunnurinn þeirra, hvernig lærðu þau að nota heimildir, tungumál og sérþarfir, íþróttamenn í afreksstarfi sem geta ekki verið í fullu námi, búseta, börn. Það er í mörg horn að líta,“ segir Björg.

Aðspurð um hvað sé erfiðast í kennslunni nefnir hún að fá nemendur til að þora. „Þora að spyrja og þora að gagnrýna (rýna til gagns), sérstaklega í stórum hópi. Hér er þeim alltaf skipt í fasta vinnuhópa með 3–5 í hverjum og vinnuframlagið er misjafnt eftir einstaklingum, sem er oft erfitt í hópastarfi,“ útskýrir hún.

Hvað varðar rannsóknarhlutann segir Björg vera áskorun að sækja um styrki og lítil reynsla af því í OsloMet, sem varð fyrst rannsóknarháskóli 2018. „Nú er mikil áhersla lögð á að sækja um styrki með sveitarfélögum en á sama tíma eru þau að drukkna í verkefnum sem tengjast þjónustu við skjólstæðinga. Þetta er um leið áhugaverðasti hlutinn við að stunda rannsóknir því auðvitað eiga þær að leiða til bæði aukinnar þekkingar og betri þjónustu. Engir vita betur en skjólstæðingar hvað þarf að bæta og aðgengi að þeim fæst í gegnum heilbrigðiskerfið. Hér þarf því að vanda til verka. Einmitt núna er ég ásamt öðrum að skrifa umsókn um styrk til að rýna í innleiðingu á velferðartækni. Ég er fulltrúi HA í stjórn Heilbrigðis- og velferðartækniklasa Norðurlands, *Veltek* sem er þátttakandi í norrænu samstarfi.“ Ritnefnd bendir í því sambandi á grein í *Iðjupjálfanum 2022*, „Sjálfbær þjónusta, sjálfstæðir notendur“.

Gaman að nota matstæki og efla samskipti

Aðgengisvikan er að mati Bjargar skemmtilegust af því hún er veitir upplifun á eigin skinni. „Síðan finnst mér gaman að láta nemendurnu rýna í alls konar matstæki í vinnustofu. Ég er hrikalega montin af hvað við eigum mörg þeirra á íslensku og þar eru Kristjana Fenger og MOHO-matstækin algjör gullnáma. Mér finnst svo gaman að segja nemendum frá matstækjunum sem eru til. Ég hef líka keypt nokkur sænsk matstæki til að nota í vinnustofunni,“ útskýrir hún.

Björg hefur búið í fjórum Norðurlöndum og tekið eftir ýmsu svipuðu og einnig ólíku. „Það er svo gaman, og það er alveg munur á daglegum athöfnum. Þó við séum norræn og margt líkt með skyldum þá er samt menningartengdur munur á okkur. Svo eru nemendur að koma bæði í Svíþjóð og Noregi og spyrja, af hverju eigum við að nota matstæki þegar enginn notar þau á vettvangi? Bara leyfa þeim að sjá þau og skoða, alveg eins og íslensku nemarnir eru að gera, þeir eru að skoða matstæki sem búið er að þýða og það gefur þeim heilmikið. Það er ekki búið að þýða jafn mörg matstæki í Noregi en aðeins skárra í Svíþjóð. Sænskir iðjuþjálfar eru miklu fleiri, fleiri sem eru með doktorsgráðu, miklu meiri hefð fyrir því þar,“ bætir hún við.

Síðan segir hún einnig gaman að taka þátt í að efla samskipti námsbrauta milli landa og greiða leið nemenda með ýmsum hætti, „annaðhvort fara í skiptinám eða vinna saman á netinu, leysa verkefni saman en samt í sitt hvoru landinu. Margir eiga þess ekki kost að fara í skiptinám vegna aðstæðna en svo getur verið að námsbrautirnar sjálfar hafi ekki verið nógu sveigjanlegar að meta það, sem er í boði annars staðar, inn í námið hjá sér. Við þurfum að sjá tækifærin í að nemi fái að sjá hlutina frá



Þegar ég giftist vísindastarfinu.

öðrum vinklum en einmitt þeim sem við kennum. Þar er HA til fyrirmyndar því þar eru í boði valnámskeið í grunnnáminu, og ég veit ekki til að það sé í boði í iðjuþjálfunarnámi á hinum Norðurlöndunum,“ lýsir Björg.

ValMO í uppáhaldi

ValMO (e. Value of meaning in occupation) er einnig í uppáhaldi hjá Björgu og tengist rannsókn á notkun ReDo-ihlutunarinnar á Reykjalundi. „Ég tók eina önn í Lundi til að skrifa BS ritgerðina mína af því ég var ekki með BS-frá Danmörku. Ég fór á námskeið hjá Lenu Karin Erlandsson sem var þá að þróa ReDo, og fannst allt sem hún sagði vera svo rökrétt. Mér fannst þetta vera það sama og við vorum að gera á námskeiðunum á Reykjalundi. Þessi kenning þeirra sem heitir ValMO, Value of meaning in occupation, tengist ReDo. Þetta kveikti svo í mér og mér fannst þetta hjálpa mér að skilja, hvað erum við að meina þegar við erum að spyrja fólk um hvað er mikilvægt fyrir þig og hvaða iðja er mikilvæg fyrir þig?“ útskýrir hún.

„Þegar ég byrjaði á Reykjalundi þá var COPM að koma og það var ákveðið heilt yfir að við ættum að nota það. Það voru alls konar þælingar fram og til baka hvernig við ættum að nota það og við æfðum okkur og lærðum á hvernig við áttum að spyrja



Jarðaberja season í OsloMet.

spurninganna. Við vorum að æfa okkur í að spyrja og þá var oft sem fólk sagði: „Hvað meinarðu mikilvægt fyrir mig? Það er allt mikilvægt fyrir mig.“ Það hjálpaði okkur að koma orðum að því að hverju við værum að leita. Ég var alltaf dálítið skotin í þessu og kynntist Lenu ágætlega. Hún var þara yfir deildinni og var alltaf viðloðandi. Svo fóru auðvitað nokkrir iðjubjálfar frá Reykjalundi til hennar í Kanada á námskeið í ReDo. Hún varð alveg furðu lostin yfir að það kæmu þarna svona margir iðjubjálfar á námskeið til Kanada,“ rifjar Björg upp (sjá grein í *Iðjubjálfanum 2019*, bls. 44: Introducing the ReDo Programme and the ValMO model in the Icelandic Context).

ReDo og Reykjalundur í sókn

Björg rifjar upp fleiri fyrstu skref í þessari nálgun. „Ég man hvað ég var kvíðin þegar ég átti að vera með aðstandenda-fræðslu á Reykjalundi. Það kom mér mikið á óvart hvað fólk var móttækilegt og það kemur mér alltaf skemmtilega á óvart þegar það eins og kviknar ljós hjá fólki, „já, ég hef aldrei spáð í þetta!“ Inn í þetta kemur ValMO, mikilvægi iðju, hvað er það sem hefur áþreifanlegt gildi fyrir okkur, skyldustörfin og matseldin, það sem við verðum að gera, það er ávinningur af þessu. Og svo hvaða iðja hefur meira félagslegt gildi fyrir okkur, við gerum þetta af því að við erum í ákveðnu hlutverki,“ bendir hún á.

Mikið hefur verið unnið með ReDo-efnið á undanförunum árum. „Það er svo búið að þýða á ensku. Það er líka verið að skoða þetta í Montreal sem er frönskumælandi og líka á Írlandi og það var doktorsverkefni. Það var verið að skoða innleiðinguna á ReDo í geðheilbrigðisþjónustu í heilsugæslu, skemmtileg grein að lesa [sjá heimild í rammagrein]. Þar kom fram sjónarmið um að fólk vill ekki að nágranninn eða næstu ættingjar viti endilega að skjólstæðingurinn er í iðjubjálfun eða meðferð,“ útskýrir Björg.

Næstu skrefin í ReDo-ferlinu eru að iðjubjálfar á Reykjalundi safna gögnum, „bæði sem eru í ReDo-pakkanum, eins og matstæki um truflanir og það sem hvetur í daglegu lífi, en líka spurningalistar sem eru notaðir á Reykjalundi og þær vildu hafa með. Þannig að þær gætu borið saman niðurstöðurnar við sína spurningalista og þannig séð, er samsvörun milli Reykjalundarlistanna og þessara lista? Eru þeir að gefa okkur svipaðar en ekki sömu niðurstöðurnar? Réttmæti og



Sænska iðjubjálfaráðstefnan í Malmö 2017.

áreiðanleiki þessara lista. Er þetta í ósamræmi við önnur gögn og þá kannski hentar þetta ekki okkur? Eða er þetta að bæta einhverju við sem við sjáum að væri gott að nota?“ spyr Björg.

Í árdaga COPM á Reykjalundi var verið að prófa sig áfram með notkun þess. Björg man eftir skoplegu atviki í þeirri vinnu. „Skjólstæðingur sem valdi það sem mikilvægustu athöfn sína að hætta að reykja, gaf sér 1 á COPM fyrir frammistöðu en 10 fyrir ánægju af því hún vildi í raun ekki hætta að reykja. Ég nota þetta dæmi oft þegar ég er að kenna notkun mælitækja, finnst þetta svo lýsandi fyrir hvernig ekki er hægt að mæla allt.“ Fleira rifjast upp, til dæmis úr kennslunni: „Einu sinni í aðgengisvikunni hafði ég bókað kennslustofu þar sem voru tröppur að báðum inngöngunum og fyrirlesarinn í hjólastól!“

Prófum eitthvað nýtt

Að endingu er Björg beðin um hvatningarorð inn í framtíðina fyrir iðjubjálfa. „Eins og Lína Langsokkur sagði (aldrei): „Þetta hef ég aldrei gert áður svo ég hlýt að geta það.“ Lína sagði að hún vissi ekki hvort hún kynni á skauta því hún hefði aldrei prófað. Ég hvet iðjubjálfa til að prófa eitthvað nýtt og segja alltaf já! Síðan má skipta um skoðun,“ segir Björg að lokum.

ValMO

Mikilvægur fræðilegur útgangspunktur fyrir ReDO®-íhlutun er **ValMO-líkanið** (Erlandsson & Persson, 2014; 2020). Hvernig útskýrir maður að iðja geti haft mismunandi gildi fyrir okkur? ValMO er einhvers konar verkfæri til að koma með dæmi, hugsa hjá sjálfum sér: Hvaða gildi hefur iðja fyrir mig? Svo eru tveir spurningalistar sem fylgja ReDo-pakkanum, Oval 9 og Oval 18 sem taka á þessu.

Kjarni íhlutunarinnar er iðju- og framkvæmdagreining. Mikið álag í daglegu lífi getur haft afleiðingar sem leiða til ójafnvægis og jafnvel komið í veg fyrir þátttöku í mikilvægri iðju. Á sama hátt getur heilsu hrakað í daglegu lífi þegar það inniheldur (of) fáar eða svipaðar athafnir. Íhlutunin metur og endurspeglar iðju frá nokkrum sjónarhornum, byggð á ValMO-líkaninu (Persson, o.fl. 2001; Erlandsson & Persson, 2014, 2020).

- Iðja samanstendur af þremur þáttum; maðurinn, iðjan og umhverfið.
- Þrjár gildisviddir iðju; áþreifanlegt gildi, félagslegt/táknrænt gildi og sjálfsverðlaunandi gildi eigin umbunar.
- Þrjú tímasjónarmið; lífssjónarhornið, hversdags sjónarhornið og tímalína einstakra athafna.

Einstaklingar eru stöðugt að endurmeta og betrubæta framkvæmd eigin iðju til að ná betri árangri næst. Þessi rökleiðsla er mjög mikilvæg til að lýsa mikilvægi samspils geranda, þess sem gert er og endurgjafar frá umhverfinu. Þessi rökleiðsla er grundvöllur fyrir lýsingu ValMO-líkansins á að upplifun hvers og eins á eigin iðju gefur henni gildi.

Um ReDo og íslenska útgáfu

Síðastliðin tvö ár hefur staðið yfir vinna við að þýða og staðfæra ReDo-íhlutunina, sem er skrásett vörumerki með þar til gerðri handbók. Glöggir lesendur muna eflaust eftir grein í *Iðjupjálfa-num 2019*, þar sem dr. Lena-Karin Erlandsson, prófessor í iðjupjálfun sagði frá íhlutuninni. Efni þeirrar greinar var ekki síst sú staðreynd að á námskeiði sem haldið var í Montreal í Kanada voru mættir 5 íslenskir iðjupjálfar! Eftir að iðjupjálfarnir voru komnir heim var farið að skoða hvort hægt væri að nýta ReDo á Íslandi. Reynt var að þýða ensku handbókina yfir á



Á WFOT í París í skyndifatakaupunum þegar ferðataskan barst ekki til Parísar.

íslensku en það kom ekki vel út. Erlandsson hafði þá samband við undirritaða, sem hún þekki frá iðjupjálfanáminu í Lundi í Svíþjóð og óskaði eftir samstarfi við að þýða splunkunýja útgáfu af sænsku handbókinni.

Síðan þá hefur ýmislegt gerst og kemst þótt hægt fari. Undirrituð hefur í nánú samstarfi við iðjupjálfa og rannsóknarstjóra á Reykjalundi þýtt og staðfært handbókina og nú stendur yfir rannsókn á notagildi (e. feasibility study) ReDo á Reykjalundi. Iðjupjálfarnir á Reykjalundi hafa staðið sig frábærlega við yfirlestur og komið með margar mikilvægar ábendingar um

orðalag, staðhætti og íslenskar venjur. Þegar þetta er skrifað er þriðji og lokahluti fyrstu íhlutunarinnar á Reykjalundi að klárast og önnur íhlutun hefst fljótlega. Stefnt er á að ljúka tveimur íhlutunum í ár.

Gagnasöfnun í þessari rannsókn fer meðal annars fram með spurningalistum úr ReDo-pakkanum. Notkun spurningalista-anna er frumprófun á þeim og mikilvæg fyrsta vísbending um gildi þeirra. Fleiri spurningalistar og matstæki hafa einnig verið lögð fyrir við sama tækifæri til samanburðar og þar hefur Reykjalundur valið það sem á best við og/eða það sem er nú þegar í notkun þar.

Eftir áramót stendur svo til að taka viðtöl við iðjupjálfa sem stóðu að námskeiðunum um innleiðinguna. Stefnt er á að dr. Pia Hultquist frá Háskólanum í Lundi og undirrituð, sem fulltrúi Háskólans á Akureyri taki viðtölin.

Símenntun Háskólans á Akureyri er að ganga frá samningi við sænska iðjupjálfafélagið (s. Sveriges Arbetsterapeuter) um réttindi til að halda námskeið fyrir íslenska iðjupjálfa sem vilja ná sér í ReDo-réttindi. Líklega verður kennt á ensku (Erlandsson/Bohs/Hultquist) og íslensku. Stefnt er að því að halda námskeið á Akureyri síðsumars 2024. Áhugasömum lesendum *Iðjupjálfa*s er velkomið að hafa samband við undirritaða á netfanginu bjorg@unak.is.

Til gamans má benda á vísindagrein um svipaða rannsókn á innleiðingu ReDo í írsku samhengi fyrir konur í geðheilbrigðisþjónustu heilsugæslunnar þar. Sú grein byggir á viðtölum við bæði iðjupjálfa og skjólstæðinga og er skemmtileg yfirlstrar, með tilvitnunum frá þátttakendunum (Fox o.fl., 2021).

Heimild:

Fox, J., Erlandsson, L.-K. og Shiel, A. (2021). A feasibility study of the Redesigning daily occupations (ReDo™-10) programme in an Irish context. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 29(5), 415–429. <https://doi.org/10.1080/11038128.2021.1882561>



Ein frá WFOT í Paris.

Að lokum vil ég þakka fræðslunefnd Iðjupjálfafélagsins fyrir úthlutun sem kom sér vel við þýðingu og prófarkalestur.



Opinn leikskóli Memmm Play

Samvera-leikur-söngur-fræðsla

Hvað er Opinn leikskóli?

Hugmyndafræði opna leikskóla Memmm Play er sótt til Svíþjóðar og gengur út á að bjóða foreldrum og fjölskyldum með börn að koma og eiga notalega stund í leik á fjölskylduvænum stað. Í opna leikskólanum hittast fjölskyldur, taka þátt í söngstund, leika, tengjast og þiggja reglulega fræðslu frá fagaðilum, t.d. um málörvun og skyndihjálp ungra barna. Notendur opna leikskóla Memmm Play eru fjölskyldur barna á aldrinum 0-3ja ára og mæta foreldrar/forsjáaraðilar og börn saman, en eldri börn eru að sjálfsögðu einnig velkomin. Þjónustan er gjaldfrjálss og þarfnast ekki skráningar, fjölskyldur mæta þegar hentar á opnunartíma og eiga skemmtilega stund saman, kynnast öðrum fjölskyldum, spegla sig í jafningjum og leika sér.

Í Svíþjóð hafa opnir leikskólar (öppna förskolor) verið hluti af velferðarþjónustu sveitarfélaga frá um 1977 og í dag eru þar starfræktir um 480 opnir leikskólar í 209 sveitarfélögum (af alls 290) og eru þeir reknir ýmist af sveitarfélögum, kirkjum, fyrirtækjum eða félagasamtökum. Markmiðið hefur ávallt verið að veita fjölskyldum gæðaðþjónustu, allt frá fæðingu barns, með stuðningi fagfólks í málefnum barna og fjölskyldna.

Mikill ávinningur er af starfsemi opinna leikskóla fyrir fjölskyldur og samfélagið allt, en hér á landi virðist vanta þúsl í þúsluspilið þegar kemur að almennri og ókeypis þjónustu við fjölskyldur allra yngstu barnanna á vegum sveitarfélaganna. Sú þjónusta hefur nánast

alfarið verið í höndum heilsugæslunnar og trúfélaga, ásamt einkaaðilum og fyrirtækjum sem rukka fyrir þátttöku. Opni leikskóli Memmm Play er frábær vettvangur fyrir allar fjölskyldur, óháð trúar- eða lífsskoðun og efnahags eða félagslegri stöðu í samfélaginu.

„Það hefur glatt barnið mitt óendanlega mikið að sjá aðra krakka, nýtt dót og syngja saman og á eftir að hjálpa henni með að aðlagast í leikskólanum seinna meir þar sem dagamma var aldrei í boði fyrir hana“

Um mikilvægi opna leikskólans
- svar notanda úr þjónustukönnun,
maí 2023

Hverjir standa að Opna leikskóla Memmm Play?

Stofnendur opna leikskóla Memmm Play eru þær Helga Hreiðarsdóttir leikskólakennari, Kristín Stefánsdóttir iðjupjálfi og María Ösp Ómarsdóttir kennari og skólastjórnandi. Þær hafa allar brennandi áhuga á fjölskyldu- og barnamenningu og ákváðu að láta til skarar skriða í miðjum heimsfaraldri og hófu að þróa og raungera drauminn um

opinn leikskóla á Íslandi. Þær fengu tækifæri til þess að nýta ástandið í samfélaginu og fengu til afnota frábæra aðstöðu í Dal fjölskyldukaffihúsi, sem er staðsett í Farfuglaheimilinu í Laugardal, þar sem ferðamannastraumurinn var ekki upp á marga fiska vegna faraldursins. Memmm Play bauð þá fjölskyldum upp á samverustundir alla miðvikudaga og

laugardaga, söng, gleði, fræðslu, spjall og kaffi, ásamt skapandi smíðjum fyrir allan aldur.

Þarna bauðst tækifæri fyrir börn og fjölskyldur að byrja í rólegheitum að kíkja út fyrir heimilið í vernduðu umhverfi og brjóta þannig þá einangrun sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér. Þörfin fyrir þessa

“Having a welcoming and safe environment to take my child to on a regular basis where I am able to chat (or not chat, when I’m not up to it) has been a lifesaver for my sanity.”

Um mikilvægi opna leikskólans
- svar notanda úr þjónustukönnun,
maí 2023

Þjónustu var augljós allt frá byrjun og hefur starfsemin farið stækkandi síðustu þrjú árin og í dag starfrækir Memmm Play opna leikskóla í þrem hverfum í fallegu samstarfi við Reykjavíkurborg. Opni leikskólinn hlaut hæsta styrk sem veittur var þetta árið frá Velferðarsviði Reykjavíkurborgar, tæpar 12 milljónir á ári, til þriggja ára. Með þeim styrk er starfsemin fjármögnuð en fram að því hafði starfsemin verið fjármögnuð með minni styrkjum og sjálfboðavinnu.

Umhverfi og dagskrá opna leikskólans

Umhverfi opna leikskóla Memmm Play er sett upp með það að leiðarljósi að það sé bjóðandi, að það ýti undir þroska og sé í leiðinni fallegt og henti þeim aldri barna er mæta með fjölskyldum sínum. Boðið er upp á þroskandi leikföng, bækur og opinn efnivið ásamt leiksvæði og leiktækjum sem hvetja til grófhreyfinga. Rýmið er sett upp með það í huga að ýta undir forvitni, sjálfstæði og leikgleði barna ásamt því að boðið er upp á kaffi og meðlæti fyrir fullorðna fólkið sem fylgir þeim.

Samstarf Memmm Play við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur verið einkar farsælt og hefur starfsemin fengið afnot af húsnæði á vegum borgarinnar á þrem stöðum þegar þetta er ritað, sal í Borgarbókasafninu í Gerðubergi og í Samfélagshúsunum í Bólstaðarhlíð og á Aflagranda. Sömu áherslur eru í starfinu á hverjum stað, sem þó búa yfir sérstöðu hver fyrir sig. Í Gerðubergi er fókus settur á hreyfiproska og grófhreyfingar með uppsetningu þrautabrautar, listasmiðjan með allri sinni sköpunargleði á heima í Aflagranda og skynörvandi umhverfi þar sem ljós og skuggar leika saman er reglulega sett upp í leikherberginu í Bólstaðarhlíð.

Allar staðsetningarnar eiga það þó sameiginlegt að söngstund er í hávegum höfð og sungið er saman fyrir miðju opnunartíma í hvert sinn. Þær gera mikla lukku og sameinast þar söngur og hreyfing, málörvun og gleði með því að syngja lög með hreyfingum og táknmáli. Ungir og eldri njóta söngstundana

og eru þær þétt setnar. Sérstaklega gaman er að fylgjast með börnunum læra hreyfingarnar og syngja með lögum eins og Kalli litli könguló eða Höfuð herðar hné og tær með góðum stuðningi hins fullorðna.

Fræðsla í opna leikskólanum

Reglulega eru í boði fræðsluerindi í opna leikskólanum, fjölskyldum að kostnaðarlausu. Memmm Play leggur áherslu á mikilvægi þess að bjóða upp á almenna fræðslu í málefnum barna og fjölskyldna þar sem börnin eru velkomin með foreldrum/forsjáraðilum. Þannig er aðgengi foreldra/forsjáraðila yngstu barnanna tryggt og geta öll sótt dýrmæta fræðslu á borð við skyndihjálp ungra barna, málörvun og málpróun fyrstu árin, ferli hreyfiproska og um leyndardóma leiksins.

Starfsfólk Memmm Play er ávallt til staðar á opnunartíma og passar upp á að vel sé tekið á móti öllum, að styðja og fræða þá sem eftir því sækjast, að halda utan um skráningu á mætingu og leiða söngstund. Mikilvægt er að fagfólk leiði starfsemi opna leikskólans og að fagmennska og reynsla á sviði uppeldis, virkni og umönnunar sé nýtt til stuðnings þeim fjölskyldum sem hann sækja.

„Í fæðingarorlofinu verður maður oft mjög einangraður og á í litlum/engum samskiptum við annað fullorðið fólk. Eins og staðan á leikskólum og hjá dagforeldrum er núna þá þarf maður að vera mun lengur heima með barninu og þar að leiðandi meiri einangrun. Með opna leikskólanum fær maður tækifæri á að hitta aðrar fullorðnar manneskjur sem maður getur átt samræður við. Mér finnst starf opna leikskólans alveg ofboðslega mikilvægt og vona ég að fleiri bæjarfélög fari í samstarf.“

Um mikilvægi opna leikskólans
- svar notanda úr Þjónustukönnun,
maí 2023

Framtíðarsýn

Opna leikskóla Memmm Play sækja um og yfir 100 fjölskyldur í hverri viku og fer notendum hratt fjölgandi með hverri vikunni sem líður. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á gjaldfrjálsan opinn leikskóla í samstarfi við Memmm Play, enn sem komið er. Hins vegar koma fjölskyldur í opna leikskólann úr flestum nærliggjandi sveitarfélögum og í síðustu þjónustukönnun voru einungis um 60% notenda búsett í Reykjavíkurborg. Ákall foreldra um meiri þjónustu og fjölskylduvænna samfélag er hávært um þessar mundir og á Reykjavíkurborg hrós skilið fyrir að ríða á vaðið og bjóða fyrst sveitarfélaga upp á gjaldfrjálsan opinn leikskóla, sem þó er öllum opinn.

Eitt af markmiðum Memmm Play er að innleiða hugmyndafræðina um opinn leikskóla inn í íslenskt samfélag og stuðla að starfsemi þeirra á landsvísu. Með aukinni þekkingu á mikilvægi geðheilbrigðis foreldra og tengsla þeirra við börn sín má segja að opnir leikskólar gætu verið vettvangurinn sem sveitarfélögin geti boðið upp á til að stuðla að fjölskylduvænna samfélagi og bættu aðgengi allra að stuðningi, fræðslu og samskiptum á jafningjagrundvelli. Samvinna við Heilsugæsluna er einnig mikilvæg og stefnum við að frekara samstarfi við ungbarna-vernd og hjúkrunarfræðinga sem gætu nýtt vettvanginn til miðlunar fræðslu og upplýsinga til foreldra.

Heimasíðan og samfélagsmiðlar

www.memmmplay.is

Instagram: memmm_play

hlekkir:

<https://www.vallentuna.se/forskola-och-skola/forskola-och-pedagogisk-omsorg/nyheter/oppna-forskolan-50-ar-firas-med-tartkalas/>

<https://www.mfof.se/foraldraskapsstod/arenor-for-foraldraskapsstod/oppna-forskola.html>

*Auður Axelsdóttir, iðjupjálfi
og framkvæmdastjóri Hugarafls.*

*Málfríður Hrund Einarsdóttir,
formaður Hugarafls.*



Einstakur árangur

Upphafið

Hugarafl fagnaði 20 ára afmæli þann 5. júní í ár. Við tímamót sem þessi höfum við litið yfir farinn veg, skoðað baráttuna, árangurinn, farið yfir reynsluna og horft til framtíðar. Hugarafl var stofnað í Grasagarðinum í Laugardal þann 5. júní 2003. Fimm einstaklingar lögðu á ráðin og hófu opið samtal um drauma sína um betra geðheilbrigðiskerfi á Íslandi. Í hópnum voru fjórir einstaklingar sem höfðu persónulega reynslu af geðheilbrigðiskerfinu og iðjupjálfi sem hafði starfað á bráðamóttöku geðsviðs Landspítala Háskólasjúkrahúss. Öll vorum við sannfærð um að gera mætti betur og vorum tilbúin að leggja okkar á vogarskálarnar til að draumar okkar gætu ræst. Við vildum nýta reynslu okkar og stuðla að breyttum áherslum. Öll höfðum við reynslu á eigin skinni af hvernig geðheilbrigðiskerfið virkaði og hvernig þjónustan var. Við vildum sjá breyttar áherslur og mannúðlegri nálgun. Við vildum sjá meira samtal í þjónustunni, sjá áherslu á styrkleika og minni áherslu á sjúkdóma. Við vildum sjá full réttindi til handa þeim sem leita aðstoðar vegna geðrænna áskorana og aðstandenda þeirra.

Við ákváðum að gera „byltingu“ og lögðum á ráðin sumarið 2003. Sáttum í Grasagarðinum tvisvar í viku og deildum skoðunum okkar, löngunum og draumum. Þessi fimm manna hópur hafði stóra drauma, hugsjónir og vilja til að nýta kraftana til breytinga. Að þrýsta á breytingar krefst seiglu og áræðis og að ýta við stöðnun er ekki einfalt. Stöðnun gefur engin fyrirheit um breytingar eða nýjar leiðir en það var einmitt það sem við vildum, skapa nýja leið sem yrði valmöguleiki í bataferli við hefðbundna geðheilbrigðisþjónustu. Við kynntum til sögunnar batanálgun PACE (Dan Fisher, Md PhD, Tom Langan og Laurie Ahern) og valdeflingu, ásamt Working Definition of Empowerment eftir Judi Chamberlin sem við höfum unnið eftir í öllu starfi okkar undanfarin 20 ár. Þess má einnig geta að þessi hugmyndafræði hefur einnig verið notuð í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri, iðjupjálfunarfræði.



Forsetinn mættur í 20 ára afmæli Hugarafls.

Styrmir Gunnarsson heitinn, þáverandi ritstjóri Morgunblaðsins, studdi Hugarafl dyggilega af stað og opnaði blaðið fyrir okkur. Hann þekkti geðheilbrigðismál af eigin raun og beitti sér alla tíð fyrir að framþróun gæti orðið í nálgun og þjónustu.

Heilbrigðisráðherra á þessum tíma var Jón Kristjánsson og hann var fyrsti ráðamaðurinn sem við heimsóttum. Jón sýndi okkur strax velvilja og ákvað að gefa hugmyndum okkar brautargengi. Þegar undirritaður iðjupjálfi lagði af stað til þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálanefndar var hugmyndin að sinna eftirfylgd einstaklinga og vinna með aðstandendum að uppbyggingu tengslanets og hópastarfi sem fékk nafnið Hugarafl. Þegar unnið var að beiðni til nefndarinnar studdu tveir einstaklingar við iðjupjálfaðann í hverju skrefi og það var ómetanlegt; Björk Pálsdóttir þáverandi forstöðumaður Hjálpar-tækjamiðstöðvar hjá Tryggingastofnun ríkisins og Kristján Guðjónsson þáverandi forstöðumaður Sjúkratrygginga hjá TR. Það ber að þakka framsýni þeirra og stuðning við nýsköpun á geðheilbrigðissviði. Þau höfðu trú á framtakinu og sýndu það sannarlega í verki.

Fjöldinn allur af góðu fólki hefur stutt starf Hugarafis í gegnum tíðina og viljað sjá breytingar. Alþingi Íslendinga, ráðherrar, þingmenn, fagfólk og almenningur hefur fylgst með og hvatt samtökin áfram. Það er ómetanlegt og hefur oft gert það að verkum að við höfum ekki látið deigan síga í landslagi geðheilbrigðiskerfis sem hefur á vissan hátt runnið sitt skeið. Hugarafi er alltaf í opnu samtali við þá aðila sem láta sig málefnið varða og leggur einnig áherslu á opin skoðanaskipti og tjáningu. Oftar en ekki er leitað álits hjá Hugarafli, m.a. fyrir stefnumótun, varðandi frumvörp og þróunarvinnu í geðheilbrigðismálum. Þannig hafa samtökin viðtæk áhrif og geta alltaf leitað í notendareynslu Hugarafisfólks.

Þróunin

Fyrstu árin var eftirfylgdin GET (Geðheilsa eftirfylgd) rekin á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Teymið GET og Hugarafi vann hlið við hlið. Þarna var fyrsta geðteymi heilsugæslunnar skapað og áherslurnar voru bati og valdefling, persónuleg þjónusta og eftirfylgd. Það þótti bera vott um framsýni, þ.e. að notendur og fagfólk gætu stillt saman strengi og nýtt reynslu hver annars í starfinu. Má til gamans nefna að við hlutum verðlaun fyrir vikið frá styrktarsjóðnum „Þú getur“ fyrir að leiða þessa tvo hópa saman og stuðla að auknu samstarfi sem gæti verið óþvingað með jöfnum



Við opnun nýrrar aðstöðu í Síðumúla.

valdahlutföllum. Það var mikilvægt því það er því miður frekar „auðvelt“ að taka völd af einstaklingum og fjölskyldum sem ganga í gegnum geðrænar áskoranir og leita sér hjálpar. Vanmátturinn er svo mikill, óttinn er óþægilega nálægur þegar vanlíðan ber að garði og hann tekur stundum stjórnina. Þjónustan áskilur sér rétt til að ráða för, taka völdin á þeim forsendum að heilbrigðisstarfsfólk viti betur, en það er því miður ekki alltaf raunin.

GET var lagt niður árið 2017 af þáverandi heilbrigðisráðherra Svandísi Svavarsdóttur. Það var mikið áfall og virtist ekki endilega ákvörðun hugsuð með hag notenda og aðstandenda í huga. Brautryðjendastarf til 15 ára var engu að síður lagt niður og þar með þessi valmöguleiki að geta haft opið aðgengi án biðlista með valdeflingu og bata að leiðarljósi. Hér var í raun og veru um óskiljanlega ákvörðun að ræða og gríðarlegur árangur hunsaður að því er virðist. Þróun geðteyma innan heilsugæslunnar fór af stað í kjölfarið en með töluvert annarri nálgun. Áhersla er lögð á sjúkdómsgreiningar og notandinn þarf sannarlega að „passa inn“ en ekki öfugt eins og það ætti að okkar mati að vera, þ.e. að þjónustan sé alltaf á forsendum notandans en ekki fagfólksins.



Vinnufundur stjórnar Hugarafis og Dan Fisher í maí 2023.



Fyrirlestur Dan Fisher hjá Hugarafli í maí 2023.

Hvers vegna vildum við breytingar þegar Hugarafi var stofnað? Jú, við vissum að vanlíðan eða þjáning stafar yfirleitt af áföllum eða vöntun á stuðningi. Þörfin fyrir hlustun, nánd og manngæsku er rík þegar þjáning verður allt að því óbærileg. Það þarf ekki að greina eða stimpla þjáninguna. Þegar í öngstræti er komið eru tengsl og nánd það sem getur rofið þá einangrun og þann ótta sem hefur skapast við að missa stjórn og von. Öll þurfum við val og fjölbreytta möguleika þegar leita þarf þjónustu, við þössum ekki öll inn í sama formið og höfum mismunandi þarfir. Þegar við lögðum af stað óraði okkur ekki fyrir þeirri þróun sem við getum horft yfir á 20 ára tímabili. Í upphafi vorum við lítill hópur sem þráði að sjá breytt landslag í geðheilbrigðisþjónustu með áherslu á valdeflingu, bata og mannréttindi. Hópurinn er hreint ekki lítill lengur og hlutverk Hugarafis í íslensku samfélagi hefur vaxið á ógnarhraða á síðustu árum. Hugarafi gegnir nú mörgum hlutverkum. Hugarafi er opin batamiðstöð, öflug endurhæfing, nýsköpun, hugsjónastarf, aðhald við hefðbundna þjónustu og áfram mætti telja.

Núið

Við viljum sýna í verki að hægt er að stuðla að bata með öðrum leiðum, leiðum sem efla sjálfstæði, taka mið af forsendum einstaklingsins eða fjölskyldunnar, leiðum sem auka batalíkur og virkja þátttöku í samfélaginu. Markverður árangur hefur ítrekað mælst og eru nýjustu niðurstöður frá Háskóla Íslands vægast sagt eftirtektarverðar. Einnig hafa verið gerðar

kannanir á þjónustu Hugarafis við sveitarfélögin Reykjavík og Kópavog. Niðurstöður hafa verið góðar; sýnt fram á ábata sveitarfélaganna og aukin tækifæri fyrir einstaklinga sem hafa begið fjárhagsaðstoð til endurhæfingar og batavinnu.

Litið til fortíðar og framtíðar má segja að margt hafi áunnist og ýmis árangur náðst en það breytir því ekki að áfram skal haldið og hvergi slakað á. Það er nefnilega þannig að ný nálgun og óhefðbundin leið þarf alltaf að sanna sig og við sem sinnum starfinu þurfum alltaf að „vera á tánum“ til að halda þessari sjálfsögðu nálgun inni ef má orða það svo. Bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin WHO og Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á í mörg ár að nauðsynlegt sé að breyta nálgun geðheilbrigðiskerfa. Lagt hefur verið til að einingar séu minni, að það sé auðveldara að nálgast þjónustu á forsendum notandans, að vinna eigi að bata en ekki sjúkdómsvæða tilfinningar og þjáningu. Einnig hefur verið sterklega bent á að geðlyfjanotkun geti reynst fjötur um fót í bataferlinu og áfram mætti lengi telja. Sjúkdómsvæðing í okkar geðheilbrigðiskerfi er mjög sterk og það hallar enn ansi mikið á þegar fjármagni er útteilt til annarra leiða. Annarra leiða sem eru þó ódýrari, skila oft meiri árangri og byggja fremur á áherslum einstaklings og fjölskyldu en



Opnunarhátíðarkaka.

áherslum kerfisins. Þess vegna hefur Hugarafli undanfarin 20 ár starfrækt batamiðaða þjónustu utan hefðbundins kerfis fyrir þá sem leita sér aðstoðar vegna geðrænna áskorana.

Því miður er það svo að það fjármagn sem er sett í árangursríkt úrræði Hugarafls er þó skammarlega lágt og það verður að breytast. Það er margfalt ódýrara fyrir samfélag okkar að efla óhefðbundið starf eins og Hugarafli þar sem lögð er áhersla á bata og valdeflingu, opið úrræði og sveigjanleika. Það fjármagn sem sett er í hefðbundið geðheilbrigðiskerfi núorðið fer í að viðhalda kerfi sem er á margan hátt úr sér gengið.

Eftirspurn

Til Hugarafls leita um 800 -1000 manns á ári og á hverjum tíma eru ríflega 200 einstaklingar í virkri þjónustu, endurhæfingu og bataferli. Í Hugarafli fer fram öflugt starf í viku hverri með metnaðarfullri dagskrá sem mótuð er af notendum og fagfólki í sameiningu. Unnið er á jafningjagrunni í öllum hópum og verkefnum. Einnig er hægt að leita einstaklingsstuðnings hjá fagfólki eða jafningjastuðningsaðila.

Hópastarf er að mestu leyti notendastýrt og hluti dagskrár er unninn í samvinnu notenda og fagfólks. Sjöundu hverja viku er rýnt í dagskrána, gerð innanhússkönnun á ánægju þátttakenda og ný dagskrá mótuð í samræmi við niðurstöður. Hugsjónirnar eru aldrei langt undan og það að tilheyra valdeflandi samfélagi Hugarafls skapar samkennd og ómetanlega trú á lífið og tilveruna. Í viku hverri eru félagsfundir Hugarafls á dagskrá. Þeir eru lýðræðisvettvangur félagsmanna og þar



Endurhæfingarteymi TR í heimsókn í janúar 2023.

gefst m.a. tækifæri til að æfa rödd sína og ákveðni sem er sterkur hluti af batanum.

Hugarafli er opið öllum landsmönnum og ekki er gerð krafa um tilvísanir eða sjúkdómsgreiningar. Covid kenndi okkur á fjarfundarbúnaðinn svo fjarlægðir eru ekki lengur hindrun. Viljinn til breytinga, hugsjónin, reynslan og hugmyndafræðin sem lagt var upp með í Hugarafli fyrir 20 árum hefur sýnt fram á að það er löngu kominn tími til að fara frá sjúkdómsvæddu geðheilbrigðiskerfi og inn í aðra nálgun sem byggir á bata og valdeflingu, sjálfræði og sjálfstæði. Árangur Hugarafls er sterkt ákall á breyttar áherslur í geðheilbrigðiskerfinu, komin er reynsla sem við verðum að nýta og undanfarin 20 ár hefur verið farin önnur leið sem má ekki hunsa.

Notendabekking er mikilvægasta leiðarljós sem Hugarafli hefur unnið eftir frá upphafi. Allt starf Hugarafls og þau verkefni sem samtökin hafa unnið eru byggð á reynslu þeirra sem þekkja geðrænar áskoranir á eigin skinni. Notendur hafa reynslu af geðheilbrigðisþjónustunni og vita hvað nýtist í bataferli og hvað ekki. Hugarafli vinnur reglulega að verkefnum sem ýta undir að notendabekking sé nýtt og jafnframt er ýtt undir nýsköpun og þróun.

Hugarafli hefur frá stofnun samtakanna unnið að því að til verði skjólshús (e. safehouse) sem er m.a. opinn valmöguleiki við innlögn þar sem notandi velur aðra leið í bataferli sínu. Í skjólshúsi er starfsfólk allt með reynslu af geðrænum



Batafundur hjá Hugarafli, hópastarf.

áskorunum á eigin skinni og einstaklingur sem leitar þjónustu kemur á eigin forsendum.

Jafningjastuðningur (e. peer support) er nýttur í starfi Hugarafis og nú starfa hjá samtökunum þrír þjálfaðir jafningjastuðningsaðilar. Í jafningjastuðningi er virðing borin fyrir reynslu þess sem þarf á stuðningi að halda. Þetta er ekki meðferðarvinna heldur stuðningur sem oft er nýttur meðan beðið er eftir aðstoð fagmanna. Hins vegar er oft nóg að fá slíkan stuðning þar sem fólk finnur svo greinilega fyrir að það sé ekki eitt og getur speglað sig í því sem jafningjastuðningsaðilinn deilir af sinni reynslu. Þessi stuðningur er gerður eftir ákveðnum starfsreglum sem fylgja jafningjanálgun.

Hearing Voices Iceland var stofnað hjá Hugarafli 4. apríl 2019 að erlendri fyrirmynd og starfræktur hefur verið hópur sem er vettvangur þeirra sem heyra raddir eða upplifa óhefðbundnar skynjanir. Ekki er litið á raddir eða skynjanir sem sjúkdóm heldur sem hluta af mannlegum fjölbreytileika. Það hefur reynst notendum mjög mikilvægt að eiga traustan vettvang til að ræða skynjanir, raddir eða sýnir með öðrum sem hafa svipaða reynslu án sjúkdómastimplunar.

Hugarafi á tvo þjálfara í andlegu hjartahnoði (e. emotional eCpr) sem byggir á tengslum í gegnum tilfinningar og hjartað. Orð eru oft óþörf, nándin sem byggir á virðingu og jafningjagrunni nýtist vel einstaklingum sem ganga í gegnum tilfinningalegt álag og stuðlar að „endurlífgun“. Einstaklingi er mætt með nánd, samlíðan og samveru á jafningjagrunni. Andlegt hjartahnoð er líka notað með hópum eða samfélögum sem hafa gengið í gegnum áfall eða hamfarir.

Hugarafi á einn þjálfara í opnu samtali (e. open dialogue, OD) sem er eini menntaði þjálfarinn á Íslandi og stundar nú framhaldsnám til að geta þjálfað aðra. OD er aðferð sem notuð er með fjölskyldum sem hafa gengið í gegnum geðrænar áskoranir með aðstandanda sínum og unnið er með opnu samtali. Ópið samtal felst í að allir innan fjölskyldunnar eigi sögu og stuðlað er að sameiginlegri orðræðu um aðstæður fjölskyldunnar. Engar ákvarðanir eru teknar um velferð einstaklingsins án þess að viðkomandi sé viðstaddur fundinn.

Þeir fagaðilar sem starfa samkvæmt þessari aðferð eru hluti af samtalinu og taka þátt í ferlinu með einstaklingnum og fjölskyldunni, deila upplifunum sínum og eigin tilfinningum.

Fleiri verkefni og þróunarverkefni sem unnið er að í þessum töluðu orðum mætti nefna en við látum staðar numið hér. Rauði þráðurinn í öllum okkar verkefnum er að reynsla notenda er efst á baugi og nýtt markvisst. Þróun er unnin af notendum og sömuleiðis útfærsla. Þannig tryggjum við að geta nýtt þá dýrmætu reynslu sem er að finna hjá einstaklingum og aðstandendum sem hafa gengið í gegnum geðrænar áskoranir. Kerfið veit ekki betur, fagfólk veit ekki betur, en samstarf aðila getur verið gæfuríkt ef farið er vel með og hugmyndir ekki afbakaðar. Því miður eru margar hugmyndir sem hafa komið frá notendum eins og til dæmis jafningjastuðningur „innlimaðar“ í hefðbundið kerfi og aðlagðar kerfinu til þess að fagfólk geti hugsað sér að vinna eftir þeim. Þá er í raun verið að leita í þekkinguna en „stofnanavæða“ hana. Það er áhyggjuefni og við skorum á stefnumótandi aðila að láta það ekki gerast. Að sama skapi er mikilvægt að nýta grasrót eins og okkar til að efla nýsköpun og bæta þjónustu.

Þjónustukönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands

Í september 2022 var gerð stór þjónustukönnun fyrir Hugarafi á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Sú könnun sýnir magnaðar niðurstöður sem sannarlega gefa okkur byr inn í ókomna framtíð.


Niðurstöður

Alls 83% þeirra sem leita til Hugarafis segja að líðan þeirra hafi verið slæm eða mjög slæm þegar fyrst var leitað til Hugarafis. Þar af voru 42% sem glímdu við mjög alvarlega vanlíðan. Eftir veruna í Hugarafli lækkar sú tala niður í 4% og einungis 15% segja líðan sína slæma nú. 40% greindu frá því að starfsgeta þeirra hefði aukist á tímabilinu. 90% notenda voru ánægð með þjónustuna og 3% óánægð. 61% þátttakenda lýsti því að þjónustan hefði farið fram út væntingum. Hér er aðeins stiklað á stóru en það verður að segjast að hér er vísbending um að Hugarafi nái mjög eftirtektarverðum árangri sem verður að taka tillit til.

Niðurstöður

Félagsfólkið

- Til Hugarfls leitar afar breiður hópur fólks
- Flestir eru á höfuðborgarsvæðinu en samtökin þjónusta sífellt fleiri af landsbyggðinni
- Staða notenda er misjöfn, meirihluti þeirra flokkast sem viðkvæmur hópur (öryrkjar og þeir sem þurfa að komast í endurhæfingu 61%)



Við leggjum áherslu á að tekið er á móti öllum sem koma til Hugarfls af fúsum og frjálsum vilja og engum vísað frá. Greininga eða tilvísana er ekki krafist. Það gleður okkur líka að við erum að taka við sífellt fleirum af landsbyggðinni, 12% svarenda voru þaðan. Við leggjum líka áherslu á að margir sem eru virkir í samfélaginu sækja sér þjónustu. Margir komu upphaflega til okkar þegar staða þeirra var bág en sérstaða

okkar er ávallt að grípa fólk í mjög viðkvæmri stöðu sem fellur í gegnum gloppur í kerfinu. Kynjahallinn útskýrist sérstaklega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi þá eru konur duglegri en karlar að sækja sér geðheilbrigðisþjónustu þannig að þær eru fjölmennari í samtökunum. Í öðru lagi er líka vel vitað að konur eru samviskusamri en karlar að svara könnunum yfir höfuð. Engu að síður þá létu Hugarflskarlar ekki sitt eftir liggja.

Staða notenda

Tafla 3. Hvernig gengur þér, eða ykkur á þínu heimili, að ná endum saman með þeim tekjum sem eru til ráðstöfunar? Er það mjög erfitt, erfitt, nokkuð erfitt, nokkuð auðvelt, auðvelt eða mjög auðvelt?

	Fjöldi	Hlutfall svaraenda	Hlutfall
Mjög erfitt	28	22%	22%
Nokkuð erfitt	44	34%	34%
Hvorki erfitt né auðvelt	28	22%	22%
Nokkuð auðvelt	21	16%	16%
Mjög auðvelt	7	6%	6%
Fjöldi svara	128	100%	
Vet ekki / Vil ekki svara	14		
Alls	142		

Aftur má leggja áherslu á að hér er viðkvæmur hópur sem ekki hefur mikið á milli handanna og gæti með engu móti greitt fyrir eins þjónustu og það fær í Hugarafli. Aðeins 22% notenda telja auðvelt að ná endum saman.

Virkir notendur nýta þjónustuna mikið

- „Ég nýtti mér úrræðið 150% ég var mjög duglegur að mæta, Hugarafli bjargaði mér, ég mætti í nánast allt sem var í boði.“ 50 ára kk


Tafla 8. Hversu oft hefur þú tekið þátt í starfi Hugarafls á síðustu 12 mánuðum?

	Fjöldi	Hlutfall svaraenda	Hlutfall
Daglega eða næstum daglega	15	14%	14%
Nokkrum sinnum í viku	37	34%	34%
Nokkrum sinnum í mánuði	31	29%	29%
Um það bil einu sinni í mánuði	7	7%	7%
Nokkrum sinnum, en sjaldnar en mánaðarlega	18	17%	17%
Fjöldi svara	108	100%	
Veit ekki / Vil ekki svara	9		
Á ekki við	25		
Alls	142		

Við höldum úti öflugri dagskrá alla virka daga. Notendur ákveða sjálfir hversu hratt eða hægt þeir vilja fara út í starfið. Að efla einstaklinga til að komast í bataferlið á sínum eigin hraða, eigin forsendum án þess að setja tímamörk, veitir notendum nauðsynlega öryggistilfinningu sem er nauðsynleg ef tryggja á langtímavælgengni og bata.

Yfirlit yfir þjónustu fyrir fjölbreyttar þarfir


Tafla 6. Hver var meginástæða þess að þú leitaðir fyrst til Hugarafis?



Ástæður þess að fólk leitar til Hugarafis eru margar og mismunandi. Sumir vilja rjúfa félagslega einangrun, aðrir vinna í sjálfum sér, sumir eru fastir í fjötrum vanlíðanar og upplifa örvæntingu og síðan eru þeir sem vilja komast í virkt endurhæfingarúrræði. Við föngum því að við erum farin að sjá fólk leita til okkar snemma í sínu ferli og Hugarafi er þá fyrsti viðkomustaður áður en í slíkt óefni er komið að fólk þurfi að fara í þjónustubung úrræði. Það er samt hins vegar svo að Hugarafi hefur í mjög mörgum tilvikum verið síðasta hálmstrá marga. Hugarafi hefur í gegnum árin tekið á móti fólki sem er búð að reyna flest allt sem kerfið hefur upp á að bjóða og ekki náð árangri þar. Við sjáum líka marga detta á milli skips og bryggju varðandi að komast í og fá að klára virka endurhæfingu. Þá gegnir Hugarafi mjög stóru hlutverki í að grípa einstaklinga sem annars fá ekki þjónustu og verða í raun þjarglausir. Þar koma samtökin sterk inn sem net undir kerfið með því að hjálpa þessum einstaklingum að klára endurhæfingarrétt sinn.


Yfirlit yfir þjónustu fyrir fjölbreyttar þarfir

Tafla 7. Hvað af eftirfarandi hefur þú nýtt þér eða tekið þátt í hjá Hugarafi?



Alls konar starfsemi gerist innan og utan dagskrár og þátttaka í starfi Hugarafis hefur mesta þýðingu fyrir bata einstaklinga. Það er enginn skyldaður til að gera eitthvað sem hann treystir sér ekki til. Einstaklingar stjórna eigin hraða, hversu hægt eða hratt þau fara í sitt eigið bataferli. Hlutverk fagmanna og jafningja er að styðja við einstaklinga sem leita sér þjónustu en ekki stýra ferðinni. Hlutverk samtakanna er að bjóða upp á nægilega valkosti því í batafræðinni er lítið svo á að einstaklingar séu jafn misjafnir og þeir eru margir og því ekki raunhæft að þeir fari allir sömu leið að batanum. Margir þurfa mikinn stuðning til að byrja með en þegar líður á bataferlið snýst það oft við og fólk vill fá að gefa af sér, nýta styrkleika sína og þá er mikilvægt að tækifærin séu næg. Hugarafi hefur líka markvisst veitt aðstandendum þeirra sem glíma við geðraskanir stuðning og hafa þeir vettvang innan samtakanna til þess skiptast á ráðum og reynslu.


Endurhæfingaráætlun



Tæplega 50% svarenda, í þessu tilviki 70 manns, hafa fengið aðstoð við gerð endurhæfingaráætlunar hjá Hugarafi. Það er mikil pappírsvinna og ríkar skyldur við eftirfylgni. Við höfum lengi tekið eftir víða í kerfinu að tregðu gætir við að taka að sér þá ábyrgð að veita þjónustu við gerð endurhæfingaráætlana. Við gerum okkar besta til að aðstoða fólk við þetta og jafnframt veita stuðning í endurhæfingunni. Það er líka glórulaust að halda að fólk geti náð bata, eftir sig félagslega og andlega þegar það hefur ekki í sig og á. Við pressum heldur ekki mikið á fólk. Það fær hjá okkur valkosti, einstaklingar velja hvað geti hentað og við ræðum ekki endurhæfinguna í upphafi hennar.

Árangur af þjónustunni

Mynd 4. Hversu góð eða slæm var/er andleg líðan þín...



Við sjáum á neðri línunni að þegar skjólstæðingar leita til okkar eru þeir í mikilli vanlíðan. 83% prósent lýsa líðan sinni sem mjög slæmri eða frekar slæmri. Þetta er staða þeirra þrátt fyrir að flestir komi úr öðrum úrræðum. Þetta er ekki til að lasta þau úrræði en eins og áður kemur fram þá fellur fólk milli skips og bryggju í kerfinu og upplifir sig úrkula vonar því hefðbundin geðheilbrigðisþjónusta hefur ekki reynst þeim nægjanleg vel til að ná betri líðan. Ef við lítum svo á efri línuna þá hefur andleg líðan skjólstæðinga okkar batnað verulega eftir að hafa gerst skjólstæðingar Hugarafls. Þeir sem telja andlega líðan sína mjög slæma eða frekar slæma eru 15%. Við erum stolt af þessum niðurstöðum og við teljum að svona árangur sé þess verður að fylgja eftir og rannsaka enn frekar.

Upplifun notanda af gerð endurhæfingaráætlunar í Hugarafli

- „Það hefur verið ómetanlegt að geta stundað mína endurhæfingu á mínum eigin forsendum. Það hefur gefið mér aukið sjálfstæði í mínum eigin bataferli. Ég upplifi mig ekki lengur í farþegasætinu í mínum eigin bata og það hefur fært mér mikla von en ég hafði upplifað mikið vonleysi í minni endurhæfingu áður.“ **28 kvk**
- „Það er enginn sem segir að núna verði ég að útskifast úr Hugarafli af því að ég er búin að vera svo lengi í prógramminu þar sem ég megi ekki vera lengur, sem er frábært og það tekur miklu pressu af manni, bæði að þurfa ekki að vera hræddur um að vera hent út án þess að vera tilbúin (n) til þess og einnig að vera stressaður að maður sé ekki að gera nógu „vel“ og nógu „hratt“.“ **54 ára kvk**

Lýsing notenda af andlegri líðan

- „Árið 2019 var ég algjörlega komin á þann stað að ég gat ekki meira af lífinu og var ég því miður búin að reyna aðeins of oft að kveðja þennan heim allt of ung og hefði ég ekki fundið Hugarafli og fengið alla þá aðstoð sem ég þurfti væri ég líklega ekki hér lengur. Hugarafli tók mér svo sannarlega með opnum örmum og því mun ég vera ævipakklát, þau kenndu mér að elska lífið mitt og tækla öll mín vandamál.“ **22 kvk**
- „Þegar að ég kem fyrst inn í Hugarafli var ég búin að leita út um allt. Í margar vikur og mánuði hafði vanlíðanin verið að versna og versna og rétt áður en ég kem inn í þessi samtök var ég á botninum. Ég gat varla andað, ég gat ekki gert neitt. Ég skalf enalaust, ég grét, mig svimaði, ég komst ekki fram úr rúminu, ég vissi ekki hver ég var (....) ég á Hugarafli lífið að þakka. Ég fékk þarna von, skilning, vináttu og aðstoð til að sjá hvað lífið virkilega hefur uppá að bjóða. Ég veit að ég er ekki komin á leiðarenda, ég þarf ennþá mikið á Hugarafli að halda en ég veit líka að ég er á réttri leið þökk sé að stórum hlut þessum frábæru samtökum.“ **30 kvk**

Lífið heill!



Iðjubjálfi hjá HSN Akureyri

Ég útskrifaðist frá Háskólanum á Akureyri vorið 2019. Hóf þá störf á Hrafnistu Laugarási í nýrri sérhæfðri dagbjálfun fyrir fólk með heilabilun og tók þátt í mótunarstarfi hennar. Árið 2021 flutti ég aftur til Akureyrar á heimaslóðir og hóf störf hjá Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN).

Starf mitt hjá HSN Akureyri er tvíþætt. Annars vegar að fara í heilsueflandi heimsóknir til einstaklinga 80 ára og eldri, hins vegar ráðgjöf iðjubjálfa við heilsugæslustöðina. Í því síðarnefnda felst að mestu leyti að fara í heimilisathuganir m.t.t. hjálpartækjanotkunar, meta hvort þörf sé á þjónustu auk þess að sinna byltuvörnum.

Heilsueflandi heimsóknir

Heilsueflandi heimsóknir hjá HSN eru að danskri fyrirmynd. Upphaf heimsóknanna var á vegum Akureyrarbæjar og hófst árið 2000. Þá var öllum 75 ára og eldri, sem ekki voru með heimahjúkrun, boðin ein til tvær heimsóknir á ári. Árið 2015 flyst verkefnið yfir til HSN með breyttu fyrirkomulagi þar sem öllum 80 ára og eldri, sem ekki eru með vikulega þjónustu, er boðin ein heimsókn á ári. Starfssvæði heimaþjónustu HSN á Akureyri er Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Hörgársveit, Svalbarðsströnd, Grýtubakkahreppur, Grímsey og hluti af Þingeyjarsveit. Við komum því víða við sem er ákaflega skemmtilegt og fjölbreytt. Markhópurinn í ár er 623 einstaklingar og undanfarin ár hafa um 65–70% einstaklinga þegið heimsókn.

Tilgangur heimsóknanna:

- Að hvetja og styrkja einstaklinga til að viðhalda heilbrigði, færni og sjálfstæði sem lengst.
- Að stuðla að öryggiskennd og vellíðan á eigin heimili eins lengi og mögulegt er.
- Að veita upplýsingar um félagsstarf og þjónustu sem í boði er.
- Að veita ráðgjöf og meta í samráði við íbúa hvernig gengur að takast á við daglegt líf miðað við aðstæður hvers og eins.

Núna eru tveir starfsmenn sem sinna heilsueflandi heimsóknum á Akureyri; iðjubjálfi og sjúkraþjálfari. Fyrirkomulag heimsóknanna er þannig að allir einstaklingar á lista fá sent bréf árlega með boði um heimsókn sér að kostnaðarlausu. Stuttu síðar hringjum við og bjóðum heimsókn. Heimsóknin er val og fólk er frjálst að afþakka boðið. Við notum viðtalsramma til að fá sem breiðasta mynd af þátttöku og aðstæðum viðkomandi í daglegu lífi. Til að mynda er leitað upplýsinga um ævisögu, eigin umsjá, störf, tómstundaiðju, heilsu og líðan auk umhverfispáttá. Samtalið einkennist einnig af óformlegu spjalli. Við skiljum eftir hina ýmsu fræðslubæklinga eftir aðstæðum. Í hverri heimsókn fær fólk upplýsingabækling um ýmsa þjónustu sem er í boði fyrir eldri einstaklinga á þjónustusvæðinu. Í fyrstu heimsókn afhendum við alltaf bækling Slysavarnafélags Landsbjargar „Örugg efri ár“. Á hverju ári er einnig ákveðið þema. Sem dæmi hefur verið þema um hreyfingu á efri árum, um mikilvægi næringar og að vekja athygli á vinaverkefni Rauða krossins. Þetta árið er byltuvarnarþema. Að auki stendur fólk til boða að hafa samband ef einhverjar spurningar vakna. Þó svo að heilsueflandi heimsóknir séu fyrsta stigs forvarnir þá leyfa þær einnig inngrip sem er þá annars stigs og jafnvel þriðja stigs í einhverjum tilvikum.

Það sem mér finnst skemmtilegt við þetta starf er hvað ég hitti marga ólíka einstaklinga með mismunandi lífssögu, reynslu og gildi. Markhópurinn hefur stækkað hægt og bitandi með hverju árinu í takt við fjölgun eldri einstaklinga í samfélaginu. Í ljósi þess að eldri einstaklingum fer fjölgandi tel ég mikilvægt að forvarnarstarf, ekki síst hjá eldri einstaklingum, skapi sér meiri og sterkari sess en raunin er nú á Íslandi.

Siðareglur Iðjubjálfafélagsins skiptast í fjóra kafla og eru nokkrar greinar undir hverjum þeirra. Hver kafli fjallar um ákveðið efni og hefur sína yfirskrift.

Iðjubjálfi eykur þekkingu sína og nýtir sér nýfengna þekkingu jafnóðum í starfi

2.3. Breytingar eru óhjákvæmilegar og eitt af því fáa sem við getum gengið að sem vísu í lífinu, og þar með í störfum okkar. Siðaregla 2.3 kveður á um skyldu okkar til að auka þekkingu og nýta hana jafnóðum í starfi. Það má með sannni segja að þegar kemur að þekkingaröflun þá er um auðugan garð að gresja. Sú sem ritar þessa hugleiðingu þarf ekki einu sinni að færa sig úr stað til að auka þekkingu sína, því af nógu er að taka á alnetinu. Það eru engar fréttir að þekkingaröflun getur farið fram á margvíslegan hátt, bæði á formlegan og minna formlegan. Yfir lengri eða skemmri tíma, með öðrum eða í einrúmi. Því er hægt að spyrja sig: Eftir hverju er ég að bíða þegar kemur að því að ég auki þekkingu mína? Hvað hindrar mig í að rækja þessa skyldu mína – sjálfri/sjálfum mér, vinnustað og fagi mínu til framdráttar? Hvað get ég gert til að komast yfir þessar hindranir?

Eitt af því sem við höfum tileinkað okkur í iðjubjálfa-námi er að líta gagnrýnum augum á hlutina og full þörf er á því í vali úr öllum þeim aragrúa tækifæra sem okkur bjóðast þegar kemur að öflun nýrrar þekkingar. Hver sem er getur titlað sig sem sérfræðing í hinu eða þessu og oft eru hlutir settir fram á sannfærandi hátt, en þegar betur er að gáð er lítið eða ekkert að baki því sem haldið er fram og verið er að selja okkur.

Eitt er að afla sér nýrrar þekkingar og annað að nýta hana. Sjálfsagt hafa einhver okkar gerst sek um að nýta ekki eitthvað sem við höfum lært – en er það ekki bara mannlegt og eitthvað sem getur átt sér sanngjarnar skýringar? Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér.

Að lokum eru hér vísdomsorð frá Margaret Fuller: Ef þú býrð yfir þekkingu, leyfðu öðrum að tendra kertin sín í henni.

*F.h. Siðanefndar Iðjubjálfafélags Íslands
Petrea Guðný Sigurðardóttir.*

Verkefni nemenda í iðjubjálfunarfræði:

Í námskeiðinu **Fræðileg skrif og gagnreynt starf**, sem kennt er á þriðja námsári í iðjubjálfunarfræði, unnu nemendur fræðilega samantekt um efni að eigin vali.

Samantektin flokkaðist undir kortlagningaryfirlit og var unnið eftir vinnulagi Arksey og O'Malley (2005). Til að kynna niðurstöður sínar útbjuggu nemendur síðan veggspjöld sem við deilum hér með ykkur. Viðfangsefni þeirra eru fjölbreytt og eiga án efa erindi til starfandi iðjubjálfa.

**Hér á eftir koma kynningarspjöld nemanna frá námskeiðinu.
Við vonum að þið hafið gagn og gaman af.**

*Linda Björk Ólafsdóttir
umsjónarkennari námskeiðsins
Fræðileg skrif og gagnreynt starf vorið 2023.*

IÐJUBJÁLFUN EINHVERFRA BARNA Í SKÓLAUMHVERFINU

BAKGRUNNUR

Einhverf börn glíma mörg við áskoranir við úrvinnslu skynáreita sem getur átt hlut í því að þátttaka þeirra takmarkist í daglegum athöfnum.

Rannsóknarspurningin er: Hvaða fræði eru til um iðjubjálfun einhverfra barna á aldrinum 4-12 ára sem gagnlega aðferð til að efla færni og þátttöku þeirra í skólaumhverfinu?



AÐFERÐAFRÆÐI

Framkvæmd var fræðileg samantekt út frá aðferð Arksey og O'Malley (2005) til að ná góðri yfirsýn yfir viðfangsefnið. Notast var við fimm gagnasöfn; Scopus, ScienceDirect, EBSCOhost, ProQuest og Leitir.is og voru alls 15 greinar sem voru innan viðmiða leitarskilyrða. Aðal leitarorðin voru einhverf börn, þátttaka, iðjubjálfun og skólaumhverfi.



NIÐURSTÖÐUR

Þátttaka einhverfra barna

Þátttaka einhverfra barna í skólaumhverfinu er takmörkuð miðað við jafnaldra þeirra m.a. vegna áskorana í úrvinnslu skynáreita. Mismunandi aðferðir eru notaðar til að efla þátttöku þeirra eins og hópastarf og líkamleg hvatning ásamt ýmsum tólum til að mæta skynþörfum líkt og æfingaboltar og skriffæri. Foreldrum þótti mikilvægt að börnunum væru settar viðeigandi kröfur námslega og að á sama tíma væru veitt tækifæri til þátttöku í félagslífi og iðju.

Efling þátttöku

Íhlutun innan skólaumhverfis þar sem lögð er áhersla á skipulagðar og einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir, einstaklingsmiðaða námskrá, þátttöku fjölskyldu o.fl. hefur reynst vel og skilar marktækum framförum í þátttöku barnanna. Upplifun kennara af þessum íhlutunaraðferðum er góð en þeir eru sammála um að þetta sé mikil aukavinna og erfitt að skipuleggja tímann sinn.

Iðjubjálfun barna og íhlutanir

Íhlutunaraðferðir tengjast oft úrvinnslu skynáreita ásamt því að æfa fínhyrfingar til að auka færni við skrift þar sem 30-40% einhverfra barna eru verr stödd þar en jafnaldrar þeirra. Samvinna iðjubjálfa í skólaumhverfinu og í klíník hefur einnig skilað góðum árangri bæði í skólanum og heima fyrir. Önnur aðferð er að hvetja börnin til leiks sem ýtir undir ánægju, forvitni, kímni og hvatvísi.

SAMANTEKT

Algengt er að einhverf börn eigi erfitt með að skrifa sem hefur áhrif á þátttöku og því er aðkoma iðjubjálfa mikilvæg til að efla grunnþætti við þá færni. Einnig er algengt að einhverf börn glími við áskoranir í úrvinnslu skynáreita og íhlutunarleiðir innan skólaumhverfisins eru gagnlegar til að auka þátttöku þeirra þar sem skólaumhverfið getur verið yfirþyrmandi. Þó þarf íhlutun líka að eiga sér stað heima fyrir til að ná enn betri árangri. Einnig er samvinna iðjubjálfa í skólum og iðjubjálfa sem vinna í klíník mikilvæg og getur ýtt undir frekari framfarir og þátttöku.

ÞÖRF Á FREKARI RANNSÓKNUM

Við leitir á heimildum kom í ljós að þörf er á fleiri rannsóknum á iðjubjálfun í grunnskólum til að dýpka skilning á málefnum og rannsaka enn frekar áhrif iðjubjálfunar í grunnskólum á færni og þátttöku einhverfra barna.

HEIMILD

Arksey, H. og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: Towards a methodological framework. *International Journal of Social Research Methodology*, 8(1), 19-32.
<https://doi.org/10.1080/1364557032000119616>

HÖFUNDAR

Frá vinstri: Arnheiður Björk Harðardóttir, Hrafnhildur Ásta Njálisdóttir, Lilja Gestsdóttir og Lovísa Brynjarsdóttir.
Ef vakna upp spurningar má hafa samband við Lilju í netfang lig1@unak.is



Leiðir til að styðja við andlega heilsu foreldra einhverfra barna

Bakgrunnur

Foreldrar einhverfra barna upplifa verri andlega heilsu samanborið við foreldra barna með aðrar fatlanir. Mikil einkenni einhverfu hjá börnum hafa tengst aukinni streitu og minni vellíðan foreldra. Þættir eins og bið eftir greiningu og þjónustu fyrir börnin hafa einnig áhrif á andlega heilsu þeirra. Þá geta foreldrar upplifað minni ánægju í hjónabandi og meiri félagslega einangrun. Ýmsar íhlutunarleiðir hafa verið þróaðar til að minnka álag á foreldra.

Markmiðið með þessu kortlagningaryfirliti var að skoða hvaða gögn eru til um þær leiðir sem styðja við andlega heilsu foreldra barna á einhverfurófi.

Aðferð

Notuð var aðferð Arksey og O'Malley (2005) við gerð kortlagningaryfirlits. Leitað var í gagnagrunnum Scopus og CINAHL og tengdust leitarorðin börnum á einhverfurófi, foreldrum, andlegri heilsu og úrræðum. Samtals 20 ritrýndar rannsóknargreinar birtar á árunum 2013-2022 voru notaðar í samantektina.

Niðurstöður

Rafræn þjónusta

Úrræði í formi fjarþjónustu þar sem ýmist voru send hvetjandi textaskilaboð eða boðið upp á fræðslu um einhverfu, rafræna eftirfylgd meðferðaraðila og kenndar aðferðir til að vinna með börnunum, reyndust gagnleg til að draga úr streitu foreldra. Aðgengi að slíkum úrræðum gæti nýst vel fyrir fjölskyldur í dreifbýli þar sem aðgengi að þjónustu er takmarkað.

Fræðsla og þjálfun

Í kjölfar námskeiða þar sem foreldrar fengu þjálfun í samskiptum við börnin sín og kennslu í jákvæðum uppeldisaðferðum, eða fræðslu um einhverfu og breytileika í einkennum, dró bæði úr streitu og kvíða foreldra. Þekking og sjálfstraust foreldra jókst en að auki upplifðu þeir aukna valdeflingu.

Félagslegur stuðningur

Formlegur stuðningur eins og hvíldarumönnun hafði jákvæð áhrif á streitu foreldra og gæði hjónabands. Óformlegur stuðningur, t.d. frá maka og fjölskyldu, dró þó almennt meira úr streitu en formlegur stuðningur. Þátttakendur í hópnámskeiðum greindu frá jákvæðum áhrifum af jafningjastuðningi þar sem hægt var að tengjast foreldrum í sömu stöðu.

Núvitund, hugleiðsla og jákvæð styrking

Á ýmsum námskeiðum var lögð áhersla á núvitundaræfingar, hugleiðslu, þakklætisæfingar, bjartsýni og leiðir til að draga úr neikvæðum tilfinningum. Námskeiðin höfðu jákvæð áhrif á andlega heilsu foreldra og voru vísbendingar um að samþætting núvitundar við aðrar leiðir eins og jákvæða styrkingu dragi enn meira úr streitu.

Gæludýrahald

Hundahald hafði jákvæð áhrif á streitu foreldra einhverfra barna og höfðu áhrifin viðhaldið tveimur árum síðar. Hægt er að benda foreldrum sem hafa áhuga og getu til að vera með gæludýr á heimilinu á þann ávinning sem gæludýrahald gæti haft.

Samantekt

Niðurstöðurnar benda til þess að mismunandi leiðir eins og fræðslunámskeið og þjálfun foreldra, félagslegur stuðningur, núvitund og hundahald dragi úr foreldrastreitu og gætu reynst vel til að styðja við andlega heilsu foreldra einhverfra barna. Þá gæti aðgengi að fjarþjónustu verið mikilvægt. Margvíslegar áskoranir sem foreldrar glíma við í uppeldishlutverkinu hafa áhrif á andlega heilsu. Fyrir fagfólk sem vinnur með einhverfum börnum er mikilvægt að horfa heilt yfir fjölskylduna og styðja við foreldra með fjölbreyttum úrræðum sem henta þörfum hvers og eins. Þær leiðir sem kynntar voru í niðurstöðum gætu þannig nýst við skipulag á þjónustu sem veitt er fjölskyldum einhverfra barna.

Heimild

Arskey, H. og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: towards a methodological framework. *International Journal of Social Research Methodology*, 8(1), 19-32.



Cassandra Björk Vilhelmsdóttir, ha180248@unak.is
Dóra Björg Ingadóttir, dbi1@unak.is
Hallgerður Guðlaugsdóttir, hag2@unak.is
Kristrún Kúld Heimisdóttir, ha180680@unak.is
Iðjuþjálfunarfræðinemar við Háskólann á Akureyri



HÖFUNDAR

Gunnur Elísa Þórisdóttir
Harpa Lilja Vernharðsdóttir
Magnea Rut Ásgeirsdóttir

LEIÐBEINENDUR

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir
Linda Björk Ólafsdóttir

Bakgrunnur

Áhrif háskólanáms á háskólanema

Það að hefja háskólanám getur raskað vanamynstri fólks og falið í sér miklar breytingar. Rannsóknir hafa sýnt að algengi andlegra veikinda í kjölfar aukins álags vegna háskólanáms. Samkvæmt breskri rannsókn upplifðu 90% fyrsta árs háskólanemenda þarlandis kvíða og streitu vegna breytinga í kjölfar háskólanáms. Niðurstöður rannsóknar á geðheilsu íslenskra háskólanema leiddi í ljós að 34,4% nemenda væru yfir klíniskum mörkum þunglyndis og 19,8% yfir klíniskum mörkum kvíða.

Háskólanám á Íslandi

Háskólanám á Íslandi er metið með stöðluðum ECTS einingum. Fullt háskólanám eru 60 ECTS einingar á ári og skiptist í tvö misseri (Lög um háskóla nr. 63/2006; Þingskjal nr. 530/2011). Til að ljúka einingum þarf að standast verkefni og uppfylla kröfur hvers námskeiðs (Háskóli Íslands, e.d.). Áætlaður vinnutími á hverja einingu eru 25-30 klukkustundir sem samsvarar 750-900 klukkustundum á hverju misseri í fullu háskólanámi. Því má áætla að nemendur noti 44 -52 klukkustundir á viku í sitt nám. Til samanburðar má þess geta að fullt starfshlutfall á Íslandi er 36-40 klukkustundir á viku. Því er hægt að álykta að háskólanám sé meira en 100% starf.

Iðja og hlutverk

Hugmyndafræði iðjuþjálfunar byggir á samspili einstaklings, iðju og umhverfis. Iðja einkennir daglegt líf einstaklings og er mikilvæg fyrir heilsu og velliðan. Til að iðja hafi jákvæð áhrif á heilsu og liðan einstaklings, þarf jafnvægi í iðju (e. Occupational balance) að vera til staðar. Þegar einstaklingur finnur jafnvægi í iðju, upplifir hann getu til þátttöku og skipulagningu á iðju í samræmi við væntingar og gildi sín. Iðjuhlutverk (e. occupational role) er mynstur hegðunar sem mótast af samfélaginu og einstaklingur sinnir í félagslega samþykktum aðstæðum sem breytast eftir tímabilum í lífi hans. Hlutverka ójafnvægi (e. role overload) er þegar einstaklingur upplifir vanlíðan vegna of mikils álags miðað við þann tíma sem hann hefur til ráðstöfunar í hlutverki. Þá getur einstaklingur upplifað hlutverka álag (e. role strain) vegna óhóflegra krafna sem gerðar eru til hans.

Tilgangur og markmið

Tilgangur þessarar fræðilegu samantektargreinar er að varpa ljósi á áhrif ójafnvægis í iðju á andlega- og líkamlega heilsu háskólanema út frá gögnum og rannsóknum sem til eru efnið. Stuðst var við aðferðir gagnreyndar þekkingar við mótun rannsóknarspurningar. Markmið fræðilegu samantektarinnar er að leita upplýsinga um hvaða gögn eru til um áhrif skólaálags á iðju jafnvægi háskólanema og heilsu þeirra?

Aðferð

Samantektargrein veitir skýrar vísbendingar um magn rannsókna og greina ákveðna eiginleika sem tengjast viðfangsefninu (Arksey og O'Malley, 2005). Hópur, áhrif og útkoma verkefnisins voru valin samkvæmt aðferðum gagnreyndar þekkingar við mótun rannsóknarspurningarinnar.

Áður en leit hófst var útbúin áætlun þar sem leitarorð voru skilgreind út frá rannsóknarspurningunni og unnið var eftir aðferðum gagnreyndrar þekkingar (e. evidence based practice). Leitin að rannsóknargreinum var ekki línulegt ferli og var stöðugt endurmetin samkvæmt aðferðum gagnreyndar þekkingar. Leitarorðum var breytt og þau aðlöguð eftir þörfum. Greinar með áherslu á COVID-19, framhaldsskólanema, smáforrit og minnihluta voru útilokaðar.

Niðurstöður

Niðurstöður rannsókna gáfu til kynna að námstengd streita hafi verri áhrif á heilsu og jafnvægi í iðju nemenda en streita tengd öðrum hlutverkum og iðju. Áhrif streitu virtist háð einstaklings- og umhverfisþáttum. Aukinheldur sýndu niðurstöður fram á gagnkvæm áhrif streitu, andlegrar velliðanar og upplifunar á jafnvægi og að sálfélagslegir þættir höfðu áhrif á upplifun nemenda af ójafnvægi og streitu. Upplifunin “að tilheyra” virtist hafa jákvæð áhrif á andlega heilsu nemenda á meðan að einmanaleiki hafði neikvæð áhrif samkvæmt niðurstöðum rannsóknar. Námstengd streita og ójafnvægi í kjölfarið virtist frekar raska andlegri heilsu en líkamlegri samkvæmt niðurstöðum rannsókna. Samhljómur var í rannsóknum um jákvæða upplifun nemenda á líkamlegri heilsu sinni þrátt fyrir langa kyrrsetu við nám. Þá bentu niðurstöður til þess að nemendur sem stunduðu hreyfingu bjuggu við betri andlega heilsu og betra jafnvægi en aðrir nemendur. Það er í samræmi við rannsóknir á jákvæðum áhrifum hreyfingar á svefn, velliðan og streitustjórnun. Þá benda niðurstöður til þess að heilsuefning á vegum háskólasamfélaga hafa jákvæð áhrif á þátttöku nemenda í hreyfingu. Til þess að stuðla að jafnvægi í daglegu lífi og draga úr streitu virðist forgangsröðun athafna, aðlögunarhæfni, áhrifarík tímastjórnun, svefn, hreyfing og tími til tómstundaiðju skipta sköpun samkvæmt niðurstöðum rannsókna.


Höfundar



Gunnur Elísa
get1@unak.is



Harpa Lilja
hlv1@unak.is



Magnea Rut
mra2@unak.is

Hægt er að hafa samband við höfunda í gegnum netföng fyrir frekari upplýsingar.



Umræður

Gildi fræðilegu samantektargreinarinnar fyrir iðjuþjálfunarfagið felst í samhljómi hugmyndafræði fagsins og niðurstaða rannsókna um mikilvægi þess að skoða jafnvægi í iðju út frá daglegu lífi einstaklinga. Aukinheldur að iðja hafi áhrif á heilsu og liðan einstaklinga. Þverfagleg þekking iðjuþálfa á samspili iðju, einstaklings og umhverfis er nauðsynleg til að efla vitund á iðjuvanda og áhrifum ójafnvægis í lífi mismunandi hópa t.d. háskólanema. Þannig gætu iðjuþjálfar í háskólum stuðlað að betri heilsu og velliðan háskólanema. Niðurstöður gefa til kynna að það sé ekki einungis námið sem veldur nemendum vanlíðan, heldur ójafnvægið sem skapast í lífi þeirra á meðan á námi stendur. Það er því samspil iðju, einstaklings- og umhverfisþátta sem veldur og hefur gagnkvæm áhrif í mismunandi þætti í lífi nemenda. Liðan og heilsa háskólanema hefur áhrif víðsvegar um samfélagið þar sem hlutverk háskólanema eru einnig utan háskólans. Því má álykta að þessi innsýn inn í líf háskólanema geti haft gagnýtt gildi fyrir iðjuþjálfunarfagið og samfélagið allt. Takmarkað efni er til um viðfangsefni rannsóknarinnar en með auknum hraða í samfélaginu og vitundarvakningu í málefnum tengdum heilsu og liðan háskólanema er mikilvægt að auka þekkingu á viðfangsefninu. Þá skortir rannsóknir á sviðum iðjuvísinda og þekkingu á samspili iðju, einstaklings og umhverfis í þessu samhengi til að styðja við og efla heilsu háskólanema með markvissum hætti. Þörf er á þverfaglegum rannsóknum á þessu málefni til að dýpka skilning samfélagsins á vandamálinu sem ójafnvægi í iðju er.



Úrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem hvorki er í námi né vinnu



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Bakgrunnur

Viðfangsefni rannsóknarinnar eru úrræði fyrir ungt fólk á aldrinum 16–25 ára sem hvorki er í námi né vinnu. Hópurinn er skilgreindur með faghugtakinu NEET sem stendur fyrir not in employment, education or training. Þessi hópur er í aukinni hættu á félagslegri útskúfun og fjárhagsvanda auk þess sem honum skortir færni til að bæta efnahagslegar aðstæður sínar. Auknar áhyggjur eru hér á landi og erlendis vegna fjölgunar innan hópsins og skorti af fjölbreyttum úrræðum fyrir hann. Viðfangsefnið var nálgast út frá Líkaninu um iðju mannsins (MOHO).

Hvaða úrræði eða íhlutunarleiðir hafa verið reyndar til að styðja við líðan, þátttöku og hlutverk ungs fólks sem hvorki er í námi né í starfi?

Aðferðafræði

Notuð var aðferðafræði kögunarrannsóknar Arksey og O'Malley (2005). Þessi aðferðafræði felur í sér fimm skref:

- (1) Rannsóknarspurning sett fram
- (2) Viðeigandi efni fundið
- (3) Val á efni
- (4) Skipulagning gagna,
- (5) Skipulag, samantekt og framsetning niðurstaðna

Rannsóknir sem nýttar voru í greinina fundust með gagnaleit í EbscoHost og ProQuest og í heimildarskrám greina sem komu fram í leitinni.

13 greinar fundust sem fjölluðu um rannsóknarefnið og voru þær rýndar og þemagreindar.

Niðurstöður

Niðurstöðum var skipt niður í þrjú megin þemu byggð á hugtökum úr MOHO. Þemun sem við greindum voru vilji, framkvæmdageta og umhverfi sem hvert um sig hafði nokkra undirflokka. Þessir undirflokkar tengdust allir íhlutunum og framkvæmd þeirra.

Átta greinar sýndu niðurstöður tengdar vilja, tíu sýndu niðurstöður tengdar framkvæmdagetu og tólf tengdar umhverfi.

Sjú greinar notuðu eiginlega aðferðarfræði, tvær meginlega aðferðarfræði og fjórar við blandaða aðferð.

1

VILJI

Einstaklingsmiðuð nálgun, fjölbreytni innan hópsins, virðing og traust, áhugahvöt, trú á eigin áhrifamátt, virkjun viljans, tækifæri til að prófa og val

2

FRAMKVÆMDAGETA

Andleg og líkamleg heilsa og færniþjálfun

3

UMHVERFI

Traust, sveigjanleiki og samvinna milli mismunandi kerfa

Umræður

NEET ungmenni eru fjölbreyttur hópur með ólíkar og breytilegar þarfar. Þau þurfa úrræði og íhlutanir sem byggja á sveigjanleika og fjölbreytni, bæði í uppsetningu úrræða og í samskiptum við einstaklinga hópsins. Mikilvægt er að úrræði leggi áherslu á að byggja upp traust í samskiptum milli ungmennanna og þeirra sem veita þjónustuna. Úrræði sem hafa verið reynd og náð árangri byggja mörg á fjölbreyttum leiðum færniþjálfunar og eflingu andlegrar og líkamlegrar heilsu. Niðurstöður gáfu til kynna að lítil fjármögnun til úrræða, óstöðugleiki þeirra og skortur á upplýsingaflæði milli kerfa hafi neikvæð áhrif í veitingu úrræða. Að lokum sýndu niðurstöður að mikil þörf er á rannsóknum í þessum málum, sérstaklega á gagnsemi og árangri úrræða.



Höfundar

Frá vinstri til hægri

Sigríður Lóa Björnsdóttir, ha190004@unak.is

Sara Ósk Nielsdóttir, ha190292@unak.is

Andrea Eir Guðmundsdóttir, ha190098@unak.is

Ásthildur María Árnadóttir, ha180173@unak.is

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband í tölvupósti

Heimildir:

Arksey, H. og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: Towards a methodological framework. *International Journal of Social Research Methodology*, 8(1), 19 – 32. <https://doi.org/10.1080/1364557032000119616>

ÁHRIF TITRINGSÁLAGS Á DAGLEGT LÍF IÐNAÐAR- OG VERKAFÓLKS

Arna Sól Mánadóttir, Eva Rós Gunnarsdóttir,
Hrafnhildur Ósk Halldórsdóttir og Thelma Dögg Grétarsdóttir
Iðjuþjálfunarfræðinemar við Háskólann á Akureyri



BAKGRUNNUR

Um þriðjungur allra vinnuslysa og veikinda á ári hverju orsaka hreyfi- og stoðkerfisvandamál. Þetta orsakast m.a. af einhæfri álagsvinnu, erfiðum vinnustellingum og titringi (Eypór Viðisson, 2022). Iðnaðar- og verkafólk vinnur alla jafna í breytilegu umhverfi. Aðstæður geta verið misjafnar eftir veðurfari eða verkefnum líðandi stundar. Handverkfæri sem leiða titring til handar- og handlegs eru gjarnan notuð af fyrrnefndum hópi fólks. Áhrif og afleiðingar titrings eru talin óæskileg en alvarleikinn ræðst af útslagi, tíma og tíðni.

Tilgangur þessa kortlagningaryfirlits var að kanna hvaða gögn liggja fyrir um áhrif handar- og handleggstitrings á daglegt líf iðnaðar- og verkafólks.

NIÐURSTÖÐUR

Líkamleg áhrif

Það starfsfólk sem útsett er fyrir titringsálagi í starfi sínu er í áhættuhóp að þróa með sér stoðkerfisvanda í efri útlimum og taugafræðileg einkenni Hand Arm Vibration Syndrome (HAVS). HAVS er heilkenni sem getur komið í kjölfar útsetningar fyrir handar- og handleggstitring. Titringsálag getur valdið kvillum í stoðkerfi og skertu snertiskyni t.d. minnkuðum gripstyrk og slakri finnhreyfifærni. Töluverður munur getur verið á alvarleika einkenna eftir magni titrings, sem gefur til kynna að skammtaháð svörun er á milli titringsálags og taugafræðilegra einkenna HAVS.

Vinnustaður, viðhorf og starfsgeta

Öryggisvitund er lykilþáttur góðrar öryggismenningar, en hún felur m.a. í sér stöðuga meðvitund og skilning á ólíkum hættum í starfsumhverfinu. Fræðsla um hollustuhætti og öryggisþjálfun vegna titrandi handverkfæra er af skorum skammti innan byggingariðnaðarins og ekki viðunandi til að tryggja öryggi starfsfólks. Iðnaðar- og verkafólk talar um HAVS sem óumflýjanlegan hluta af starfi sínu sem þarf að umbera til að halda stöðu sinni. Starfsfólk er líklegra til að aðlaga framkvæmd verka til þess að koma til móts við eigin líkamlega skerðingu og fara þannig á mis við öryggiskröfur sem eykur líkur á slysum.

Athafnir daglegs lífs, þátttaka og lífsgæði

Lífsgæði einstaklinga með HAVS eru heilt yfir minni og upplifa þeir meiri erfiðleika við athafnir daglegs lífs. Greiningin þykir hamla fulla þátttöku í daglegu lífi og getur haft áhrif á framtíð viðkomandi vegna neikvæðra framvindu einkenna. Helsta ástæða minnkaðra lífsgæða eru einkenni tengd skynjun og sársauki í höndum og efri útlimum. Leiðir það til erfiðleika við ADL svo sem eigin umsjá og almenn heimilisstörf innan- og utandyra. Vegna einkenna og verkja getur þessi hópur einstaklinga átt í erfiðleikum með að taka þátt í og njóta tómstundaiðju.

AÐFERÐAFRÆÐI

Fimm þrepa aðferð Arksey og O'Malley (2005) var notuð við gerð kortlagningaryfirlits. Til að afla heimilda fyrir samantektina voru gagnasöfnin EbscoHost og Scopus notuð.


Leitarorðin sem notuð voru tengdust áhrifum handar- og handleggstitrings á líf iðnaðar- og verkafólks sem útsett eru fyrir slíku við störf sín. Alls voru 17 greinar notaðar og við þemagreiningu var stuðst við hugmyndafræði ICF.

SAMANTEKT

Niðurstöður gefa til kynna að handar- og handleggstitringur hefur töluverðar neikvæðar afleiðingar í för með sér sem geta skert lífsgæði. Iðnaðar- og verkafólk sem notar titrandi handverkfæri á í hættu á að þróa með sér HAVS. Erfitt getur reynst að ná fullum bata og eru í raun meiri líkur á að einkenni versni með tímanum.

Líkamleg einkenni HAVS geta leitt til takmarkaðrar þátttöku til atvinnu og annarra athafna daglegs lífs. Áhrifin eru víðtæk og geta þau orðið að margþættum heilsufarsvanda. Ef þátttaka einstaklings er takmörkuð er hættu á að viðkomandi upplifi verri andlega líðan og að sjálfsálit minnki. Markmið vinnuverndar er að koma starfsmanni heilum og heilbrigðum heim og eru það mannréttindi sem allir eiga að hafa aðgang að. Hlutverk iðjuþjálfra gæti vegið stórt þegar horft er til þess að fyrirbyggja titringsálag og viðhalda lífsgæðum starfsfólks innan og utan vinnustaðar.

TEYMIÐ



Arna Sól
asm1@unak.is



Eva Rós
erg1@unak.is



Hrafnhildur Ósk
hohl@unak.is



Thelma Dögg
hal80746@unak.is

Árangursríkar íhlutunarleiðir fyrir barnshafandi konur með vímuefnavanda

Bakgrunnur

Vímuefnavandi á meðgöngu er áhyggjuefni vegna áhrifa á heilsu kvenna og ófæddra barna þeirra. Konur með vímuefnavanda eru í meiri hættu fyrir vanda á borð við kynferðisofbeldi, vændi, heimilisleysi og fangelsun. Þeim skortir oft stuðning og hafa takmarkað bakland sem gerir þær að enn viðkvæmari hópi. Vímuefnavandi leiðir til þess að einstaklingar missa daglegar venjur og hlutverk sem skipta þau máli.

Aðferð

Stuðst var við fimm þrepa aðferð Arksey og O'Malley (2005). Leitin fór fram á ensku úr gagnasöfnum Ebscohost og Web of science frá árunum 2013-2023. Greinar um læknisfræðilegt sjónarhorn voru útilokaðar. Leitin skilaði alls 15 greinum sem notaðar voru við skrif og leiddu í ljós þrjú þemu.

Leitarorð

Vímuefnavandi

Barnshafandi konur

Íhlutun

Árangursrík

Rannsóknarspurning

Hvaða íhlutunarleiðir hafa reynst árangursríkar fyrir barnshafandi konur með vímuefnavanda?

Niðurstöður

VIÐHORF FAGFÓLKS

Fagfólk finnur fyrir reiði, gremju og sorg

Hjálpar að kynna sér áfallasögu mæðranna

Byggja upp gott meðferðarsamband en þurfa að virða mörk sín og starfsins

Mikilvægt að fagfólk passi viðmót sitt, framkomu og fordóma

ÁRANGURSRÍKAR ÍHLUTUNARLEIÐIR

Jafningjastuðningur

Horfa á sig sem mæður en ekki fíkla

Viðbótarmeðferð

Hvatning að yfirfæra athafnir á daglegt líf

Áfallatengd meðferð

Jákvæð áhrif á hegðunarbreytingar

Heildræn nálgun

Mætir þörfum kvenna þar sem þær eru staddar

VIÐHORF MÆDRANNA

Upplifa virðingaleysi, fordóma og neikvæðar athugasemdir

Skortir viðeigandi stuðning og fræðslu varðandi almennt upplifi

Óttast að leita sér aðstoðar og að missa forræði vegna barnaverndar


Fagaðilar virtu ekki skoðanir þeirra á uppeldinu

Samantekt

Meðganga er kjörinn tími til að veita konum með vímuefnavanda aðstoð en þær eru oft hikandi við að leita sér aðstoðar vegna fordóma fagfólks og ótta við barnavernd. Lélegt viðhorf og skortur á stuðningi frá fagfólki hefur neikvæð áhrif á vilja mæðra til þess að halda sér í meðferð og að sinna móðurhlutverkinu. Með því að einblína á fyrri hlutverk þeirra, styðja þær í að finna vilja sinn og skapa ný vanamynstur geta einstaklingar fundið fyrir hvatningu til að halda sig frá vímuefnum. Samkvæmt niðurstöðum er heildræn þjónusta með áherslu á áfallatengda nálgun árangursrík, ásamt því er jafningjastuðningur mikilvæg viðbót.



Höfundar



Karen Dögg Guðmundsdóttir, kdg1@unak.is

Nína Karen Víðisdóttir, nk1@unak.is

Þórdís Jóna Kristjánsdóttir, ha181053@unak.is

Gildi fyrir
iðjubjálfun

Valdefla

Málsvari

Aðstoða við að
finna ný
vanamynstur

Fræða
starfsfólk

Heimild

Arksey, H. og O'Malley, L. (2005). Scoping studies: Towards a methodological framework. International Journal of Social Research of Social Research Methodology, 8(1), 19–32. <https://doi.org/10.1080/1364557032000119616>



STUÐLABERG
Heilbrigðistækni



Quantum rafmagnshjólástólarnir eru búnir **iLevel** tækni sem gerir þeim kleift að aka á gönguhraða í upphækkaðri stöðu.

Er í samningi við
Sjúkratryggingar Íslands 

Pride rafskutlur og Quantum rafmagnshjólástólar í samningi við Sjúkratryggingar Íslands

iGo Lite er einn léttasti rafknúni stóllinn á markaðnum í dag, einungis 26 kg. Stóllinn er brotinn saman með einu handtaki. Lithium rafhlaða sem er vottuð fyrir flug.

Er í samningi við Sjúkratryggingar Íslands 



Markmið okkar eru að efla heilsu, auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf



Eirberg



STUÐLABERG
Heilbrigðistækni

Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. • Stórhöfða 25 • Reykjavík • stb@stb.is • 569 3180 • stb.is